



- 100 ÁRA VERSLUN -
Fögnum sumri í skóm í mörgum litum
Skóverslun Leós Ísafirði
1904 - 2004 • Sími 456 3011

MP3 SPILARAR
frá 64MB
upp í 35GB
Fermingar-
gjöfin í ár!

MEDION
frá kr. 67.900

Tölvur og tölvubúnaður
hafðu ábyrgðina
hjá okkur!

NetHEIMAR
Adalstræti 18 • Ísafirði • Sími 456-5096

Afgreiðsla
Landsbankans
með gjaldkera og
þjónustufulltrúa
er opin í Neista
alla virka daga
frá kl. 9:15 - 12:30
og 13:30 - 16:00.
Fimmtudaga og
föstudaga
til kl. 19:00

Landsbankinn
Sími 450 5519

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 21. apríl 2004 • 16. tbl. • 21. árg.

**Fær alltaf
fiðring í
bensínfótinn
með hækkandi sól**

– segir mótorsportáhugamaðurinn og fyrrum rallkeppandinn Guðmundur Einarsson

Rokkhátíð alþýðunnar „Aldrei fór ég suður“ sem haldin var á Ísafirði um páskana

Stefnt að frumsýningu heimildar- myndar um hátíðina í desember

Hálf dán Pedersen, kvikmyndagerðarmaður í Los Angeles, hefur verið á Ísafirði við sjötta mann að festa á filmu Aldrei fór ég suður – rokkhátíð alþýðunnar sem haldin var á Ísafirði laugardaginn 10. apríl. Hálf dán segir upptökur hafa gengið vel og nú taki við eftirvinnsla. Ef allt gangi að óskum verði hægt að frumsýna myndina í desember. „Við höfum ekki neglt niður neina dagsetningu en setjum markið á desember. Myndin tekur a.m.k. ekki styttri tíma í vinnslu en síðan getur náttúrliga fjölmargt komið upp á sem lengir

vinnslutímann.“ Hálf dán framleiðir myndina í félagi við Arnald Schram sem einnig er búsettur í Los Angeles. Hann segir mikinn áhuga á íslenskri tónlist erlendis og þeir finni vel fyrir því í Borg englanna. Þeir félagar hafi viljað gera mynd um íslenska tónlist og umhverfið gerist ekki íslenskra en á rokkhátíð við Sundahöfnina á Ísafirði. Myndina ætla þeir til sýninga á kvikmyndahátíðum erlendis og hugsanlega til dreifingar á DVD-diskum. Hann segir myndina hafa fæðst snögglega og því hafi



ekki verið búið að ganga frá fjármögnun eða sölu á myndinni fyrirfram en viðbrögðin hingað til lofi góðu. „Við fréttum af hátíðinni og ákváðum í kjölfarið að fljúga heim og taka hana upp. Þá hóuðum við

í menn sem við treystum til að vinna að þessu með okkur og þeir kostuðu sig sjálfir til Íslands. Ennþá hafa engin laun verið greidd vegna framleiðslu myndarinnar en allur útlagður kostnaður hefur verið greiddur af okkur Arnaldi.“ Hálf dán segir að við gerð myndarinnar sé aðallega verið að sækjast eftir tónlistinni og andrúmsloftinu á Ísafirði. Ætlunin sé ekki að búa til tónleikamynd en myndefni og tónlist verði mikið blandað saman svo á köflum muni myndin minna á tónlistar myndband. Hljóðupptökur frá

tónleikunum tókust ekki eins og best verður á kosið en Hálf dán segir það ekki hafa úrslitapýðingu við gerð myndarinnar. „Við þurfum að vinna okkur í kringum það og fara lengri leið fyrir vikið en það er ekki úrslitaatriði við gerð myndarinnar“, sagði Hálf dán Pedersen. Framundan er fara yfir allt efnið sem var tekið upp í tengslum við tónlistarhátíðina og þegar það verður búið hyggjast kvikmyndatökumennirnir koma aftur til Ísafjarðar til að ljúka tókum. – kristinn@bb.is

SAMKAUP

Opið:
Virka daga 09-21
Laugard. 10-21
Sunnud. 12-21

SAMKAUP
...gæði og förelæsingar!

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM

Flytjandi **EIMSKIP**
GREIÐ LÉND

ÚTGÁFAN



ISSN 1670 - 021X

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564

Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Bláðamenn:
Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
Halldór Jónsson
sími 892 2132
hj@bb.is

Ritstjóri netútgáfu:
Sigurjón J. Sigurðsson
sími 892 5362

Ljósmyndari:
Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Umboðsaðilar BB:
Eftirtaldir aðilar sjá um
dreifingu á blaðinu á þétt-
býlisstöðum utan Ísa-
fjarðar: **Bolungarvík:**
Sólveig Sigurðardóttir,
Hlíðarstræti 3, sími 456
7305. **Súðavík:** Sólveig
Gísladóttir, Arnarföt 7, sími
456 4106. **Suðureyri:**
Deborah Anne Ólafsson,
Aðalgötu 20, sími 898
6328. **Flateyri:** Gunnhildur
Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi
12a, sími 456 7752.
Þingeyri: Anna Signý
Magnúsdóttir, Hlíðargötu
14, sími 456 8233.

Söluastaðir á Ísafirði:
Hamraborg, Hafnarstræti
7, sími 456 3166. **Flug-
barinn,** Ísafjarðarflugvelli,
sími 456 4772. **Bónus,**
Ljóninu, Skeiði, sími 456
3230. **Bókhlaðan,** Hafn-
arstræti 2, sími 456 3123.
Bensínstöðin, Hafnarstræti,
sími 456 3574. **Samkaup,**
Hafnarstræti 9-13, sími 456
5460. **Krillid,** Sindragata 6,
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250
eintakið m.vsk. Áskriftarverð
er kr. 215 eintakið. Veittur
er afsláttur til elli- og
örorkulífeyrisþega. Einnig
sé greitt með greiðslukortí.

Tekist á um samvinnu sveitarfélaga í bæjarstjórn Bolungarvíkur

Bæjarfulltrúi minnihlutans mót-
mælir harðlega peningasóuninni

Katli Elíassyni, bæjarfulltrúa í minnihluta bæjarstjórnar Bolungarvíkur, finnst sú ætlun bæjarstjórnar að ræða kosti og galla samvinnu eða sameiningu sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum peningasóun. Hann telur verið að sóa peningum sem ekki eru til og réttara væri að ræða málin á vettvangi Fjórðungssambands Vestfirðinga. Á fundi bæjarráðs Bolungarvíkur þann 6. apríl voru lagðar fram hugmyndir um að setja á fót fimm starfshópa sem ræði kosti og galla frekari samvinnu eða sameiningu sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum. Hópunum er ætlað að ræða

hver um sig afmörkuð málefni sveitarfélagsins og í þeim eiga að sitja fagnefndir viðkomandi málaflokka ásamt embættismönnum bæjarins. Starfi hópanna eiga formenn fagnefndanna að stjórna auk bæjarstjóra. Vinnan á að fara fram í samvinnu við sérfræðinga frá ráðgjafafyrirtækinu ParX og er áætlaður kostnaður við verkefnið um 1,2 milljónir króna. Ekki er að sjá annað á fundargerð bæjarráðs en að samstaða væri með meiri- og minnihluta bæjarstjórnar um þessar tillögur. Á fundi bæjarstjórnar á föstudag kom í ljós að tillögurnar eru Katli Elíassyni bæjar-

fulltrúa minnihlutans ekki að skapi og lagði hann fram svofellda bókun: „Ég mótmæli harðlega þeirri peningasóun sem fara á í varðandi sameiningarmál sveitarfélaga. Það er alveg út í hött að eyða í þennan málaflokk upp undir einni og hálfri milljón. Á síðasta fundi bæjarstjórnar varaði ég sérstaklega við því að þessi umræða mætti ekki verða of kostnaðarsöm. Þau viðmið sem ég gaf mér voru á bilinu 150-200 þúsund en meirihluti bæjarstjórnar virðist ætla að nota tífalda þá upphæð. Ég minni á að það kom bréf frá Fjórðungssambandinu þar sem boðist er til að gera þessa

úttekt, og hefðu þá nýst þeir fjármunir sem við leggjum inn í F.S.V hvort sem er. Ég áréttaði það að þetta er sóun á fjármunum sem bæjarsjóður á ekki til og eru ekki á fjárhagsáætlun, en ef svo væri þá væri þeim betur varið til útrásar í atvinnulífinu en í sameiningarmál. Það er einnig athyglisvert að í hópavinnunni sem fara á fram eru bæjarfulltrúar velkomnir í þá alla nema, atvinnu- hafna- og samgöngumál og stjórnsýslu- og fjármál-in. Ég skora á meirihlutann að endurskoða áætlunina og skera niður kostnaðinn. Umræðan getur farið fram undir stjórn heimamanna.“


Í kjölfar bókunar Ketils lagði Elías Jónatansson forseti bæjarstjórnar fram breytingartillögur við vinnuáætlunina á þann veg að bæjarfulltrúar hafi einnig heimild til setu í hópunum sem ræða atvinnu- hafna-, samgöngu-, stjórnsýslu- og fjármál. Einnig lagði Elías til að kostnaði sem af vinnunni hlýst verði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar ársins 2004. Að lokinni umræðu voru tillögur bæjarráðs ásamt breytingartillögum Elíasar samþykktar með sex atkvæðum gegn einu. Standa því bæjarfulltrúar bæði meiri- og minnihluta að samþykktinni. – hj@bb.is

Efnt verður til bryggjudaga í Súðavík 17.-19. júní

Bæjarstjórakeppni meðal atriða

Efnt verður til Bryggjudaga í Súðavík í annað sinn dagana 17.-19. júní og verður glæsileg dagskrá í boði. Meðal hápunktanna er svokölluð bæjarstjórakeppni þar sem bæjar- og sveitarstjórar á Vestfjörðum keppa um titilinn „sveitarstjórnandi Vestfjarða“. Þar munu sveitarstjórar í fjórðungnum etja kappi og hafa undirtektir þeirra verið góðar að sögn Vilborgar Arnarsdóttur, eins skipuleggjanda Bryggjudaganna. „Keppnisgreinarnar hafa með atvinnu- og mannlíf í fjórðungnum að gera svo ef þeir eru sannir Vestfirðingar munu þeir ekki í neinum vandræðum með að klára Sigurvegarinn fær skjöld. Starfsmannafélag Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf. og Súðavíkurhreppur standa að bryggju-

dögunum en eins og nafnið gefur til kynna tekur skemmtidagskráin mið af mannlífinu við sjóinn. Má þar nefna dorgveiðikeppni, kappróður, siglingar, auk tónleika og matarveisla. Súðvíkingar eru þekktir fyrir að skemmta sér vel og er óhætt að spá að eitt stærsta ball ársins á Vestfjörðum verði stórdansleikur með Pöpunum í íþróttahúsinu í Súðavík á Bryggjudögum. Boðið verður upp á sætaferðir frá Ísafirði og að sögn Vilborgar verða fjölmargir gistimöguleikar til staðar. „Hér er tjaldstæði og gistiheimili og nóg pláss fyrir alla. Við ætlum að gera enn betur en í fyrra“, sagði Vilborg. Dagskránni í heild sinni má nálgast á heimasíðu Súðavíkurhrepps www.sudavik.is.



Súðavík.

RITSTJÓRNARGREIN

Sumarmál

„Vetrargyðja loga lætur,
leiftur falla, sólín grætur,
liljan frýs í faðmi nætur,
fölna blöð og skrælna lætur.“

Lóan er komin í Dýrafjörð. Ómak vorboðans við að kveða burt snjóinn er vart mikið þetta árið. Einhvers staðar kann þó að vera þörf fyrir kveðskap hennar til að losa okkur við leiðindin sem hjá mörgum, því miður, er fylgifiskur svartnættis vetrarins, hvað sem snjóalögum líður. Veðurfarslega reyndist ekki erfitt að þreya þorrann og góuna. Snjóleysi ýmist fagnað eða grátið, eftir hagsmunum hvers og eins. Snjór sóttur inn til heiða til að upplifa skíðavíkustemmningu á götum bæjarins, sem státað hefur af nálægð við „paradís skíðamanna“. Vetrargyðjan er kvödd í dag. Fyrir að hafa farið mildum höndum um okkur mannanna börn, hér á hjara veraldar, verður hennar minnst er vetur kveður að þessu sinni.

„Sumargyðja loga lætur,
ljósín tindra, myrkrið grætur,
döggin vætir frosna fætur,
færa hlýju sólarglætur.“

Sú hefði að fagna sumarkomunni á fimmtudegi á tilteknu tímabili stenst vonandi þær atlögur sem að henni eru gerðar nú orðið á ári hverju undir yfirskini tröllríðandi efnishyggju á nær öllum sviðum þjóðlífsins. „Sumardagurinn fyrsti merkti aldei að þá skyldi komin sumarblíða heldur blátt áfram að þá hæfist sumarmisseri“, segir Árni Björnsson í Sögu daganna. Á morgun fögnum við sumargyðjunni, sem færir okkur birtuna og ylinn. Velkomin sértu Harpa. Bæjarins besta þakkar samfylgdina á vetrinum og færir velunnurum sínum og landsmönnum öllum bestu óskir um gleðilegt sumar. s.h. (Ljóð: Vilhjálmur frá Skáhholti - Árstíðir)



Grunnskólinn á Ísafirði.

Grunnskólarnir í Ísafjarðarbæ

Mismunandi árangur í stærðfræði

Töluverður munur var á meðaleinkunn í stærðfræði á könnunarprófi sem var lagt fyrir 9. bekinga í grunnskólum Ísafjarðarbæjar í febrúar. Meðalárangur var 39 atriði sem þýðir að meðalnemandinn fær einkunnina 5,0 en meðalárangur hvers skóla var allt

frá 33 atriðum og upp í 47. 75 nemendur þreyttu prófið, þar af 54 í Grunnskólanum á Ísafirði, 7 í Grunnskólanum á Þingeyri, 7 í Grunnskólanum á Suðureyri og 9 í Grunnskóla Öndarfjarðar. Prófið skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutinn samanstóð af 20

atriðum sem reiknuðust án vasareiknis og voru unnin upp úr markmiðum sem miðast við lok 7. bekkjar. Síðari hlutinn samanstóð af 57 atriðum sem reiknast með vasareikni og eru unnin út frá námsefni sem skólarnir nota við kennslu í stærðfræði á unglingastigi.

Fyrirlögn prófsins þótti ganga vel og hafa allir nemendur fengið að vita niðurstöður prófsins, auk stærðfræðikennara og skólastjórnenda. Kristín Ósk Jónasdóttir, náms- og kennsluráðgjafi sá um úrvinnslu könnunarinnar. – kristinn@bb.is

Félagsheimili Bolungarvíkur

Bolvíkingar hyggja á endurbyggingu

Bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur samþykkt samhljóða að skipa framkvæmdanefnd vegna fyrirhugaðra endurbóta á Félagsheimili Bolungarvíkur. Í nefndina voru kosin Elías Jónatansson, Soffía Vagnsdóttir og Sölvi Sólbergsson. Í samþykkt bæjarstjórnar segir að nefndin skuli móta tillögur um framtíðarnotkun hússins, að viðhöfðu samráði við minnihlutaeigendur þess, en

nú er verið að ljúka þarfagreiningu fyrir húsið þar sem þarfnar eru skilgreindar út frá mismunandi notkun. Nefndin kalli eftir áleti hagsmunaaðila, fagaðila eða þeirra sem láta sig málefni félagsheimilisins varða, eftir þörfum. Þá segir í samþykktinni að nefndin skuli láta fara fram úttekt á ástandi hússins innan sem utan. Matið taki til vatns- og skólpagna, raflagna, hita-

lagna, lýsingar, hljóðbúnaðar, loftræstingar, eldunaraðstöðu, hreinlætisaðstöðu, gólfefna og innréttinga auk húsgagna. Ennfremur skal taka út einangrun, glugga, þak og málningu. Nefndin skal síðan gera tillögur um framkvæmdir. Tillögurnar skulu m.a. taka mið af nauðsynlegum breytingum til að uppfylla skilyrði um aðgengi fatlaðra. Allir þættir

skulu kostnaðarmetnir. Ennfremur skal nefndin gera tillögu um forgangsöröð. Þá fylgir nefndin eftir þeim framkvæmdum sem ákveðið verður að fara í, að fengnu samþykki bæjarstjórnar og annarra eigenda. Starfsmaður nefndarinnar og ritari verður Einar Pétursson, bæjarstjóri. – hj@bb.is



Bolungarvíkurkaupstaður

Útboð

Tæknideild Bolungarvíkurkaupstaðar óskar eftir tilboðum í eftirfarandi verk.

Íþróttamiðstöðin Árbær – endurbætur á þaki. Verkið felst í því að fjarlægja þakpappa, krossviðarklæðningu, lektur, endurnýja þakull að hluta og endurbyggja þakið. Einnig þarf að taka niður loftaklæðningu og endurnýja rakasperru.

- Helstu magntölur:
- Þakdúkur 843 m
- Lektur 1.200 m
- Loftaklæðning 760m²

Útboðsgögn verða afhent á bæjarskrifstofu Bolungarvíkur frá og með föstudeginum 23. apríl. Opnun fer fram á sama stað þriðjudaginn 11. maí kl. 11:00.

Ráðhús Bolungarvíkur

Tæknideild Bolungarvíkurkaupstaðar óskar eftir tilboðum í eftirfarandi verk:

Ráðhús Bolungarvíkur – viðgerðir utanhúss. Um er að ræða viðgerð á sprungum í múr, hreinsun og endurmálun steyptra fleta ásamt gluggum og sýrupvo flísar á veggjum.

- Helstu magntölur:
- Steyptir fletir 1.230 m²
- Sýrupvottur á flísum 210 m²
- Málun gluggapósta 630 m

Útboðsgögn verða afhent á bæjarskrifstofu Bolungarvíkur frá og með föstudeginum 23. apríl. Opnun fer fram á sama stað þriðjudaginn 11. maí kl. 11:00.

Vestanvindar í Edinborgarhúsinu á sunnudag

Vestfirsk ævisagnaritun er viðfangsefnið í ár

Vestanvindar, vestfirsk bókmenntavaka sem haldin er síðla vetrar á hverju ári, verður í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á sunnudag, 25. apríl, og hefst kl. 16. Að þessu sinni eru vestfirskar ævisögur viðfangsefnið en umsjón dagskrárinnar annast sagnfræðingarnir Guðjón Friðriksson og Hlynur Þór Magnússon og útvarpsmaðurinn Finnbogi Hermannsson. Þeir eiga það sammerkt að hafa allir ritað ævisögur sem snerta Vestfirði sérstaklega. Þannig er ævisaga Jóns forseta Sigurðssonar frá Hrafnseyri við Arnarfjörð nýjasta stórvirki Guðjóns Friðrikssonar en hann var á sínum tíma kennari við

Menntaskólann á Ísafirði. Þeir Hlynur Þór og Finnbogi hafa reyndar einnig kennt við þann skóla um lengri og skemmri tíma. Þetta er fjórða árið í röð sem efnt er til Vestanvinda í Edinborg á Ísafirði. Fyrsta dagskráin var helguð Guðmundi Gíslasyni Hagalín rithöfundi, sem á sínum tíma var forseti bæjarstjórnar á Ísafirði og atorkusamur í atvinnumálum bæjarins. Næsta ár voru Vestanvindar helgaðir Jakobínu Sigurðardóttur rithöfundi frá Hælavík á Hornströndum, auk þess sem ísfirsk nýskáld lásu úr verkum sínum. Á bókmenntavökunni í fyrra kynntu

verk sín rithöfundarnir Eyvindur P. Eiríksson, Rúnar Helgi Vignisson og Vilborg Davíðsdóttir, auk þess sem félagar úr Leikfélagi Flateyrar lásu úr verkum Guðmundar Inga heitins Kristjánssonar á Kirkjubóli í Bjarnardal. Aðgangseyrir að Vestanvindum í Edinborg á sunnudag er kr. 700 en þar eru kaffiveitingar innifaldar. Umsjónarmenn munu spjalla um ævisagnaritun sína og annarra höfunda og flytja stutt brot úr ýmsum vestfirskum ævisögum, allt frá Söguköflum af sjálfum mér, sjálfsævisögu séra Matthíasar Jochumssonar, og til hinna nýjustu.

Snjóflóðavarnir á Ísafirði – Uppgræðsla Útboð nr. 13547

Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. Ísafjarðarbæjar, óskar eftir tilboðum í uppgræðslu á snjóflóðavarnargarði í Seljalandi, Ísafirði.

Í þessu útboðsverki felst uppgræðsla á 650m löngum snjóflóðavarnargarði og samsvarandi flóðafarvegi og 14 keilum, auk uppgræðslu raskaðs svæðis umhverfis garðinn og keilurnar, alls um 15 ha. Á afmörkuðu svæðum er gert ráð fyrir gróðursetningu bakka-plannta og stiklinga beint í tilsáið land.

Verkið nær yfir þrjú ár og skal verktaki sjá um umsjón og viðhald svæðisins á verk tímanum. Kynningarfundur verður haldinn á bæjarskrifstofunni á Ísafirði, mánudaginn 26. apríl kl. 10:00, að viðstöddum fulltrúa verkkaupa. Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 1. september 2006, en áburðargjöf skal viðhaldið til ársins 2007.

Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 3.500.- hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík. Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum 4. maí kl. 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum, sem þess óska.

Framkvæmdasýsla ríkisins.

Harmónikan var flottust

Undanfarin ár hafa þau Helga Kristbjörg Guðmundsdóttir og Leifur Þorbergsson vakið sívaxandi athygli fyrir harmóníkuleik. Í dag eru þau meðal fremstu harmóníkuleikara á landinu í sínum aldursflokki og hafa margsinnis komið fram á ýmsum samkomum og tónleikum. Helga Kristbjörg hefur m.a.s. tekið þátt í keppnum og landsmótum harmóníkufélaganna. Nú hafa þau fengið einstakt tækifæri til að fara á námskeið í mikilsvirtum harmóníkuskóla í Frakklandi. Helga Kristbjörg og Leifur voru ung að aldri þegar þau hófu nám í Tónlistarskóla Ísafjarðar, aðeins átt og níu ára. Þá var það „nikkan“ sem heillaði þau mest því þeim fannst það stórt og flott hljóðfæri. Fyrstu árin voru þau undir handleiðslu Messíönu Marsellíusardóttur sem hefur verið brautryðjandi í harmóníkukennslu á Íslandi. „Okkur leið mjög vel hjá Messíönu, hún gerði námið áhugavert og það var mjög gaman að læra hjá henni, grunnurinn sem hún lagði hefur reynst okkur ómetanlegur“, segir Leifur.

Rússneskur snillingur

Um veturinn 2000 var fenginn til að kenna þeim Vadim Fjodorov sem er þekktur harmóníkuleikari frá Rússlandi. Helga Kristbjörg: „Vadim er smámunasamur og leggur hart að okkur, hans lífsspeki er að maður getur alltaf bætt sig. Hann hvetur okkur áfram og er auk þess mjög spaugsamur kennari.“ Leifur: „Í framhaldi af því lærðum við nýja tækni og fórum yfir á hnappaharmóniku sem er töluvert flóknari en píanóharmónikurnar sem við spiluðum á áður, og möguleikarnir jukust til muna – það er hægt að spila nærri því hvað sem er á hnappaharmóníkur eins og t.d klassík og djass.“ Helga Kristbjörg: „Vadim kenndi okkur í tvö og hálft ár en fluttist svo til Akraness þannig að nú stundum við námið sem eins konar fjarnám þar sem Vadim kemur um einu sinni í mánuði en þess á milli æfum við okkur sjálf og sækjum reglulega tíma til Messíönu

sem heldur utan um þetta allt saman.“

Annað heimili

Leifur: „Tónlistarnámið krefst mikils sjálfsaga og má segja að Tónlistarskólinn sé okkar annað heimili. Við æfum venjulega um klukkutíma á dag og tvo til þrjá þegar tónleikar eða annað er í aðsigi. Andrúmsloftið er mjög gott í skólanum og við erum þakklát fyrir allan þann stuðning sem hann hefur veitt okkur. Fyrir stuttu gáfum við og aðrir harmóníknemendur Tónlistarskólanum harmóníku að gjöf sem þakklætisvott, enda er þetta frábær skóli sem hefur mikið upp á að bjóða. Við erum bæði farin að læra á píanó líka og gátum nýtt harmóníkukunnáttu okkar í því. Einnig erum við í tónfræði, tónlistarsögu, hljómfraði og tónheyrn sem er mjög góður grunnur fyrir tónlistarnámið. Svo erum við líka í fullu námi í Menntaskólanum á Ísafirði þar sem ég er á þriðja ári og Helga á því fyrsta – þar fáum við tónlistarnámið metið til eininga.“



GRÍSKT KVÖLD

HÓTEL ÍSAFIRÐI LAUGARDAGINN
24. APRÍL KL. 19:30
LIFANDI GRÍSK TÓNLIST Í
HÖNDUM ÓLAVI KÖRRE OG
SIGURÐAR FRÍÐRIKS
LÚÐVÍKSSONAR
INGIBJÖRG INGADÓTTIR
KYNNIR TÓNLIST,
MENNINGU OG MAT

Grískur matur á hlaðborði
Meðal rétta sem í boði verða:
Bakalláros (Saltfiskur)
Moussaka (Ofnréttur)
Souvlaki (lambakjöt á teini)
Tomates yemistes (fyllt grænmeti)
Yiahi (kartöfluréttur)
Fakes (linsubaunasúpa)
Skordalia (hvítlaukskartöflu sósa)
Tsatsiki (jógurtsósa)

Grísk rauðvín í boði ásamt
þjóðandrygknum Ouzo

Verð á mann kr. 2.800,-
Borðapantanir í síma 456 4111

SKG
veitingar

Til Frakklands og Ítalíu

Helga Kristbjörg: „Nú í sumar erum við að fara á virt námskeið á vegum Centre National & International de Musique & d’Accordéon í bænum Larodde í héraði Auvergne í Frakklandi. Þar eru kennararnir allir margverðlaunaðir og það verður lærdómsríkt að fara þangað en fyrst heimsækjum við bæinn Castelfidarde á Ítalíu sem er nokkurs konar „Mekka“ harmóníknunar. Þar förum við í harmóníkuverksmiðjuna þar sem harmóníknurnar okkar voru gerðar og látum sérfræðinga fara yfir og stilla hljóðfærin. Að sjálfsögðu kostar slík ferð peninga sem við höfum verið dugleg að safna fyrir með því að spila sem víðast.“

Helðursgestir á Akureyri

Leifur: „Það er mikill áhugi fyrir harmóníkuleik um allt land og við höfum fengið mörg tækifæri til þess að koma fram. Í fyrrasumar var landsmótið haldið á Ísafirði og tókst alveg einstaklega vel. Það er mjög öflugt harmóníkufélag hér á Ísafirði og margir góðir harmóníkuleikarar. Nú í mars var okkur boðið að leika á árshátíð Harmóníkufélags Eyjafjarðar og fórum sem heiðursgestir þangað ásamt Messíönu og Ásgeiri Sigurðssyni sem var veislustjóri – það var mjög skemmtileg reynsla.“

– Hvaða hlutverk skyldi harmónikan spila í lífi ungmennanna í framtíðinni?

Helga Kristbjörg: „Það kemur í ljós hvort við gerum þetta að atvinnu okkar en harmónikan verður alltaf hluti af lífinu sem áhugamál.“

Leifur samsinnir Helgu Kristbjörgu um að framtíðin sé óráðin en telja má nokkuð víst að harmónikan verði a.m.k. ekki mjög langt undan. Að loknu stúdentsprófi stefnir hann á nám í verkfræði en Helga Kristbjörg setur markið á Listaháskóla Íslands. Þegar við kveðjum harmonikusnillingana ungu eru þau eins og svo oft áður að spila saman rússneskt og glaðlegir tónar óma um ganga Tónlistarskóla Ísafjarðar.

–Thelma Hjaltadóttir

Brottfall nemenda í Menntaskólanum á Ísafirði við meðaltal

Nær 15% nemenda hættu milli áraanna 2002 og 2003

Brottfall nema úr námi í Menntaskólanum á Ísafirði á milli skólaáranna 2002 og 2003 er svipað og meðaltal brottfalls úr framhaldsskólum var á sama tíma. Mest var brottfallið 37,5% úr Tannsmíðaskóla Íslands. Brottfall nema úr framhaldsskólum á Íslandi á milli skólaáranna 2002 og 2003 var um 15,1 % eða um 2.757 nemendur af um 18.250 nemendum árið 2002. Þetta kemur fram í svari menntamálaráðherra Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur (D) við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar (S) á Alþingi.

Í svari ráðherra er miðað við tölur frá Hagstofu Íslands og eru bornar saman nemendaskrár framhaldsskólanna um miðjan október hvort ár. Mun herra brottfall er meðal karla eða 17,1 % á móti 13,2 % hjá konum. Þá er brottfall úr starfs-

námi 20,9 % á móti 11,7 % brottfalli í bóknámi.

Brottfall á milli einstakra skóla er afar mismunandi allt frá því að vera ekkert í það að vera 37,5%. Ef litið er á einstaka skóla kemur í ljós að ekkert brottfall var í fjórum skólum á þessum tíma. Það var í hússtjórnarskólunum á Hallormsstað og í Reykjavík, Listdansskóla Íslands og Myndlistarskólanum í Reykjavík. Langmest var brottfallið úr Tannsmíðaskóla Íslands eða 37,5%. Þar á eftir kom Framhaldsskólinn í A-Skaftafells-sýslu með 32,2% brottfall, úr Iðnskólanum í Hafnarfirði varð brottfall 28,3%, úr Verkmenntaskóla Austurlands var brottfall 27,3% og úr Iðnskólanum í Reykjavík var brottfall 26,9 %.

Brottfall úr Menntaskólanum á Ísafirði var á þessum

tíma 14,9% eða því sem næst um meðaltal brottfalls. Nemendur þar voru 303 á hausti 2002 en á hausti 2003 höfðu 45 þeirra fallið úr námi. Af öðrum skólum má nefna að úr MR hurfu aðeins 2, % nemenda frá námi, úr Fjölbrautarskólanum í Ármúla var brottfallið 20,8%, í Fjölbrautarskóla Vesturlands var brottfallið 17,9%, í Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra var brottfallið 22,8%, í Menntaskólanum á Akureyri var brottfallið 2,7% og úr Verkmenntaskólanum Austurlands var brottfallið 27,3%.

Í svari menntamálaráðherra kemur fram að sveigjanlegt og opið skólakerfi hér á landi geri nemendum kleift að hverfa tímabundið frá námi. „Nemendur vita að skólinn stendur þeim opin ef þeir kjósa að snúa sér að námi á



Menntaskólinn á Ísafirði.

nýjan leik. Oft er um að ræða nemendur sem af eðlilegum ástæðum kjósa að hverfa frá námi. Nemendum er ljóst að þeir eiga þess kost að fá skólastær aftur þegar þeir sjá ljósari tilgang með náminu eða aðstæður þeirra eru af einhverju

um ástæðum betri. Hæpið er að telja alla þá nemendur sem gera hlé á námi sínu hér á landi brottfallsnemendur, enda ljóst að margir þessara nemenda hefja nám að nýju.

Síðustu ár hefur t.d. mátt greina hlutfallslega fjölgun

nemenda í eldri aldurshópum við nám í framhaldsskólum, sérstaklega í aldurshópnum 20–24 ára en einnig í hópi allra eldri en 20 ára. Það er í raun staðfesting þess sem áður er sagt að brottfall úr námi er oft og tíðum tímabundið. Ljóst er að atvinnuástand hefur bein áhrif á sókn í skóla. Hér á landi hefur eftirspurn eftir vinnuafli verið mikil á undanförunum árum. Aðstæður á vinnumarkaði víða erlendis eru hins vegar ólíkar aðstæður hér á landi. Langvarandi mikið atvinnuleysi í mörgum Evrópulöndum veldur því að stjórnvöld reka þá stefnu að halda nemendum í skóla eins lengi og unnt er enda hafa nemendur enga möguleika á að fá vinnu. Samanburður milli landa um brottfall getur því verið varasamur“, segir í svari menntamálaráðherra.

UPPLÝSINGAR UM STARFSEMI LÍFEYRISSJÓDS BOLUNGARVÍKUR 2003

Ársfundur Lífeyrissjóds Bolungarvíkur árið 2004 verður haldinn í Ráðhússalnum í Bolungarvík þann 5. maí 2004 kl. 17.00. Fundurinn er opinur öllum greiddandi sjóðfélögum og lífeyrisþegum

Efnahagsreikningur 31.12.2003:	Í þús. kr.
Verðbréf með breytilegum tekjum.....	1.060.885
Verðbréf með föstum tekjum.....	533.897
Veðlán.....	59.400
Kröfur.....	21.236
Bankainnistæður.....	603.753
Hrein eign til greiðslu lífeyris	2.279.171

Yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2003:

Iðgjöld.....	92.473
Lífeyrir.....	(58.349)
Fjárfestingartekjur.....	249.835
Rekstrarkostnaður.....	(8.035)
Hækkun á hreinni eign 2003.....	275.924
Hrein eign 01.01.2003.....	2.003.247
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok	2.279.171

Tryggingafræðileg úttekt

Talnakönnun hf. hefur gert tryggingafræðilega úttekt á fjárhagstöðu sjóðsins miðað við árslok 2003. Áfallnar skuldbindingar miðað við 3,5% ársveði eru að fjárhæð 2.203 millj. kr. í árslok 2003. Á sama tíma nam hrein eign skv. ársreikningi, án núvirðingar, 2.279 millj. kr. eða 76 millj. kr. hærrí fjárhæð. Staða með núvirðingu eigna sjóðsins er 146 millj. kr. hærrí en áfallnar skuldbindingar sjóðsins. Ef lítið er til framtíðarméttar eru skuldbindingar samtals að fjárhæð 3.708 millj. kr. en eignir með núvirðingu að viðbættum áætluðum framtíðariðgjöldum, 3.685 millj. kr., eða 23 millj. kr. lægri en áætlaðar skuldbindingar.

Lífeyrisgreiðslur 2003.....	Í þús. kr.	Þjöldi
Eilífeyrir.....	29.631	96
Sjómannalífeyrir.....	1.358	3
Örorkulífeyrir.....	23.093	59
Makalífeyrir.....	4.398	29
Barnalífeyrir.....	752	11
	59.232	179

Kennitölur	Árið 2003
Lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum.....	63,1%
Kostnaður sem hlutfall af iðgjöldum.....	8,7%
Kostnaður sem hlutfall af eignum.....	0,4%
Raunávöxtun m.v. vísit. neysluverðs.....	9,0%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 árin.....	0,0%

Stjórn Lífeyrissjóds Bolungarvíkur	
Agnar Ebenesensson	Einar Jónatansson, stjórnarform.
Flooi Jakobsson	Karval Pálmason
Lárus Benediktsson	Örn Jóhannsson
Framkvæmdastjóri Steinn S.L. Annasdóttir	



LÍFEYRISSJÓÐUR BOLUNGARVÍKUR

Ráðhúsinu 415 Bolungarvík Sími 456-7100 Fax 456-7104

Vestfirðingur



Manchester United er uppáhalds-liðið í enska boltanum

Nafn: Arnar Geir Hinriksson.
Fædd/-ur, hvar og hvenær: Á Ísafirði 12. mars 1939.
Atvinna: Lögmaður
Fjölskylda: Ökvæntur og barnlaus.
Helstu áhugamál: Íþróttir og útivist.
Bífreið: Citroen Xsara Picass árg. 2001.
Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Bíl sem helst á veg-unum.
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Stór.
Uppáhalds matur? Steiktur gellur.
Versti matur sem þú hefur smakkað? Allur matur er góður.
Uppáhalds drykkur? Blávatn.
Uppáhalds tónlist? Lítt klassík og jazz.
Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Tiger Woods og Manchester United.
Uppáhalds sjónvarpsefni? Enski boltinn.
Uppáhalds vefsíðan? vedur.is
Besta kvikmynd sem þú hefur séð? A Good As It Gets með Jack Nicholson.
Fallegasti staður hérlendis? Hornvík.
Fallegasti staður erlendis? Fjallahringurinn í Grindelwald í svissnesku ölpunum.
Ertu hjátrúarfull(ur)? Nei.
Uppáhalds heimilistækni? Steikara pannan.
Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Vera á skíðum með góðum félögum.
Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Óstundvísi.
Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Fer út að labba og þá líður mér vel á eftir.
Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Ekki lengur.
Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Fer nú ekki að segja frá því.
Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Setja upp heita potta og busl-laug á Austurvelli, við hlið Sundhallarinnar.
Lífsmottó? Líta til fugla himinsins og lilja vallarins.

Atvinna

Ræstir ehf., óskar eftir að ráða starfsmann á Ísafirði, þrjá morgna í viku, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga frá kl. 9 við ræstingar.

Upplýsingar í sínum 533 6020 og 897 1012.

Ræstir ehf.,
Grensásvegi 11, Reykjavík.

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu
fasteignir víða
á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar
eru veittar á skrifstofu

Töluverð aukning í lönduðum afla á Vestfjörðum í mars

13% aukning á heildarafla

Í mars mánuði var landað alls 5.323 tonnum af sjávarfangi í höfnum á Vestfjörðum. Í sama mánuði í fyrra var landað 4.710 tonnum og er aukningin því rúmlega 13% á milli ára. Mest munar um mikla aukningu í lönduðum þorski og ýsu. Í mars var landað 2.394 tonnum af þorski en 1.861

tonni á sama tíma í fyrra. Af ýsu var landað 717 tonnum en 195 tonnum á sama tíma í fyrra. Steinbíts- og rækjuafli dregst hins vegar saman. Í mars var landað 1.388 tonnum af steinbít sem er rúmlega 16% samdráttur frá síðasta ári. Rækjuafli í mars var 435 tonn en var 719 tonn í fyrra.

Fyrstu þrjá mánuði yfirstandandi árs var landað samtals 14.611 tonnum í höfnum á Vestfjörðum í stað 12.589 tonna á sama tíma í fyrra og nemur aukningin því rúmlega 16%. Mest er aukningin í ýsu og þorskafla. Fyrstu þrjá mánuði ársins var landað 7.344 tonnum af þorski á Vestfjörð-

um í stað 6.439 tonna í fyrra. Ýsuaflinn í ár er orðinn 2.691 tonn í stað 1.568 tonna í fyrra. Mikill samdráttur hefur hins vegar orðið í rækjuveiðum. Í lok mars hafði verið landað 814 tonnum af rækju á Vestfjörðum í stað 1.748 tonna í fyrra.

– hj@bb.is

Sparkvallaátak Knattspyrnusambands Íslands

Óskað eftir tveimur völlum til Ísafjarðarbæjar?

Björn Helgason, íþróttafulltrúi Ísafjarðarbæjar, segir ákveðið að bæjarfélagið sækir um uppbyggingu eins sparkvallar til átaks KSÍ og þegar sé ákveðið að hann verði við Grunnskólann á Þingeyri. Þá séu einnig uppi hugmyndir um að sækja um byggingu annars vallar sem yrði á Ísafirði. Ekki hefur verið ákveðið endanlega

hvar sá völlum verður staðsettur ef af yrði, að sögn Björns.

Upphaf sparkvallaátaks KSÍ má rekja til þess að Knattspyrnusamband Evrópu ákvað að veita aðildarsamböndum sínum styrk að upphæð 1 milljón svissneskra franka til byggingar sparkvalla. Í framhaldinu sótti KSÍ um styrki til fjárlaganefndar Alþingis og til fyrir-

tækja. Nú er svo komið að KSÍ hefur úr 150 milljónum króna að spila á næstu tveimur árum. Í samráði við sveitarfélögin í landinu er áætlað að byggja 40 sparkvelli víða um land og er einkum horft til uppbyggingar í nágrenni við grunnskóla.

Verkaskipting KSÍ og sveitarfélaganna verður sú að sveit-

arfélögin kosta undirlag vallar og girðingu umhverfis en KSÍ leggur til fyrsta flokks gervi-gras og er miðað við að hver völlum verði 18 x 33 metrar.

Samkvæmt frétt frá KSÍ er gert ráð fyrir að afgreiðslu umsókna frá sveitarfélögum verði lokið 17. maí og þá liggi fyrir hvar vellir verði byggðir á árinu 2004 og 2005. – hj@bb.is

Bræðratunga verður Skógarbraut 3

Á fundi umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar á dögunum voru samþykktar teikningar að breytingum á Bræðratungu á Ísafirði, sem hingað til hefur hýst starfsemi fatlaðra á Vestfjörðum. Nefndin ákvað að Bræðratunga bæri hér eftir hús-númerið Skógarbraut 3 og Kolfinnustaðir sem eru þar skammt frá yrðu í framtíðinni Skógarbraut 4. Bræðratunga var seld í fyrra til Lárusar Einarssonar í Mosfellsbæ og í kjölfarið var skipulagi svæðisins breytt þannig að hægt yrði að breyta húsinu í hefðbundið íbúðarhúsnæði. Samkvæmt fram-lögðum teikningum verða átta íbúðir í húsinu. – hj@bb.is



Bræðratunga í Tungudal.

Staðsetning malbikunarstöðvar á Ísafirði

Tekið verði tillit til komu skemmtiferðaskipa í sumar

Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur fallist á beiðni tækni-deildar bæjarins um aðstöðu til að setja um malbikunarstöð á hafnarsvæðinu á Ísafirði vegna fyrirhugaðra malbikun-

arframkvæmda Ísafjarðarbæjar og Vegagerðarinnar í sumar.

Malbikunarstöðin verður sett upp suðvestur af gámaplaninu við Sundahöfn og vill hafnarstjórn að hugað verði

sérstaklega að staðsetningu stöðvarinnar með tilliti til komu skemmtiferðaskipa og almennra ferðamanna.

Þá óskaði hafnarstjórn eftir upplýsingum um það magn

jarðefna sem geyma þurfi á svæðinu til að hægt sé að áætla stærð þess. Hafnarstjórn áréttaði að staðsetning stöðvarinnar yrði unnin í nánú samstarfi við hafnastjóra. – kristinn@bb.is

Fjórir þingmenn Sjálfstæðisflokksins leggja fram þingsályktunartillögu

Samgönguráðuneytið geri úttekt á möguleikum í einkafjármögnun vega

Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi og þrír flokksbræður hans, þau Halldór Blöndal, Drífa Hjartardóttir og Guðlaugur Þór Þórðarson hafa lagt fram þingsályktun-

artillögu um að fela samgönguráðherra að vinna að úttekt á kostum í vegagerð unnt yrði að fjármagna sem veggjöldum. Markmiðið með tillögunni er að auka fjárfestingar í vegagerð og stuðla að

uppbyggingu nýrra samgöngumannvirkja. Ígreinargerð með frumvarpinu er bent á að Hvalfjarðargöngin séu eina dæmið um einkafjármögnun vegaframkvæmdar hér á landinu en víða

sé vaxandi áhugi á að fara þá leið. Þar er sérstaklega vísað til stofnunar einkahlutafélagsins Leiðar í Bolungarvík sem m.a. annars haldi úti öflugri upplýsingasíðu um vegamál og einkaframkvæmd á því

sviði. Helsta baráttumál leiðar er lagning svonefnds Stranddalavegar sem tengi saman Strandir og Austur-Barðastrandarsýslu. Þingmennirnir vitna til þess að kannanir Leiðar hafi leitt í

ljós verulegan áhuga á einka-fjármögnun vegaframkvæmda og greinilegan vilja fólks víðs vegar um land til að greiða fyrir vegbætur með umferðargjöldum.

– kristinn@bb.is

Héraðssamband Vestfirðinga

Ingi Þór Ágústsson kjörinn nýr formaður

Ingi Þór Ágústsson, hjúkrunarfræðingur og sundkappi frá Ísafirði, var kjörinn formaður Héraðssambands Vestfirðina á ársfundi þess á Þingeyri um síðustu helgi. Nýja stjórn HSV skipa auk Inga Þórs þau Guðni Guðnason, Hermann Níelsson, Eyrún Harpa Hlynisdóttir og Finnur Magnússon. Ingi Þór tekur við formansstarfinu af Guðjóni Má Þorsteinsyni sem hefur gegnt því frá fráfalli Kristins Jóns Jónssonar á síðasta ári. Ingi Þór segist á leiðinni heim á nýjan leik en hann hefur



Ingi Þór Ágústsson. verið þjálfari hjá sunddeild Breiðabliks í Kópavogi í vetur. Hann segist væntan-

legur til Ísafjarðar um mitt sumar þegar hann hafi lokið störfum fyrir Breiðablik. Aðspurður um hvort hann taki til við þjálfun sundmanna á Ísafirði nýjan leik segir hann það óljóst eins og staðan er í dag. Ingi Þór hefur verið í leyfi frá störfum sem bæjarfulltrúi hjá Ísafjarðarbæ og mun taka sæti sitt í bæjarstjórn á ný. Hann segist þó ekki taka við formennsku í íþrótta- og æskulýðsnefnd enda fari það ekki saman við formennsku í HSV.

– kristinn@bb.is

Útgerðarmenn báta á Vestfjörðum

Semja við Skipaskoðun

Útgerðarmenn 160 báta á Vestfjörðum hafa samið um skipaskoðun báta sinna við Skipaskoðun ehf. í Hafnarfirði. Formaður Smábátafélagsins Eldingar segir að miklu hafi ráðið um samninginn að fyrirtækið verði með starfsmann búsettan vestra. Framkvæmdastjóri Skipaskoðunar vonast til að um 200 bátar verði aðilar að samningnum. Skipaskoðun var nýlega færð úr höndum Siglingastofnunar í hendur einkaaðila. Síðan hafa fjögur fyrirtæki hið minnsta boðið útgerðarmönnum þjónustu sína við lögbundna skoðun skipa og báta.

Að frumkvæði Eldingar var fyrir nokkru síðan boðin út skipaskoðun báta undir 400 tonnum að stærð á Vestfjörðum. Að sögn Guðmundar Halldórssonar, formanns Eldingar, bærust fjögur tilboð og var ákveðið að ganga til samninga við Skipaskoðun og skrifa undir samning til fjögurra ára. Guðmundur segir samninginn töluvert hagstæðari en þau



Bátar í höfninni á Suðureyri við Súgandafjörð.

verð sem skoðunarstofurnar höfðu viðrað við félagsmenn að undanförmu. „Það sem einnig réð miklu um mat okkar er sú staðreynd að Skipaskoðun ehf. mun hafa starfsmann búsettan á svæðinu og það teljum við mjög til eftirbreytni á þessum tímum þegar allt virðist vera að sogast til Reykjavíkur“, sagði Guðmundur.

Alls munu eigendur um 160 báta sem eru 400 tonn og minni hafa skuldbundið sig til þátttöku í samningnum. Eru það bátar sem gerðir eru út á svæðinu frá Bíldudal til Drangness.

Stefán Guðsteinsson, framkvæmdastjóri Skipaskoðunar ehf., sagðist í samtali við blaðið vera mjög ánægður með hinn nýja samning. „Þetta er stærsti einstaki samningurinn sem gerður hefur verið um skipaskoðun á Íslandi og við vonum að um 200 bátar muni verða aðilar að honum. Þetta er mikil viðurkenning á okkar starfi og við erum mjög spennir að hefjast handa“, sagði Stefán. Hann vonast til þess að fyrirtækið opni skrifstofu á Ísafirði mjög fljótlega og segir starfsmann þegar hafa verið ráðinn til skoðunar á svæðinu.

„Strækur“ hjá flugmönnum Flugfélags Íslands

Ekki búist við frekari röskun á flugi

Arnór Jónatansson, stöðvarstjóri Flugfélags Íslands á Ísafirði, segir að vonandi verði ekki frekari röskun á flugi til Ísafjarðar vegna mannekleu í flugmannaliði flugfélagsins. Á fimmtudag var ófært til Ísafjarðar og fékkst ekki aukavél á föstudag. Á laugardagsmorgun var ekki tiltæk áhöfn til að manna flug vestur og var því brugðið á það ráð að leigja níu sæta Cessna skrufubotu flugfélagsins Ernis sem fór tvær ferðir milli Ísafjarðar og Reykjavíkur og sjúkraflugvél Mýflugs af gerðinni Piper Chi-eftain sem er staðsett á Ísafirði og fór hún eina ferð.

Fokker 50 flugvél Flugfélagsins lagði af stað áleiðis til



Ísafjarðarflugvöllur.

Ísafjarðar síðdegis á laugardag en var snúið við vegna veðurs. Áætlan félagsins gekk eftir á sunnudag. Arnór segir röskunina því samspil veðurs og skorts á áhöfnum sem megi rekja til mótmælaaðgerða flugmanna. Hann segir að von-

andi verði ekki frekari truflanir og á ekki von á frekari aðgerðum að sinni. Ágreiningurinn snúi að því að flugmenn félagsins telji sig of fáa. „Þetta var einhver strækur sem kom mönnum á óvart“, sagði Arnór.

Jón Karl Helgason, framkvæmdastjóri Flugfélagsins, sagði í samtali við fréttavef Morgunblaðsins á laugardag að mikil þjálfun flugmanna stæði yfir hjá félaginu. Það hefði nýverið ráðið níu flugmenn til starfa en félagið hafi misst nokkra flugmenn yfir til Flugleiða og gera megi ráð fyrir að það taki um mánuð að koma áhafnamálum í samt lag á ný.

– kristinn@bb.is



Til sölu

Til sölu er plastbáturinn Ormur ÍS-104 í eigu Náttúrustofu Vestfjarða. Báturinn er Mótunarbátur, smíðaður árið 1979. Vélin er IVECO, árg. 1988 og er 320 hp. Í bátinum er dýptarmælir, radar, plotter (GPS), sjálfstýring, talstöð og sími.

Upplýsingar eru gefnar í sínum 456 7005 og 893 7636 eða á netfanginu nave@nave.is



Fær alltaf fiðring í bensínfótinn með hækkandi sól

– segir mótorsportáhugamaðurinn og fyrrum rallkeppandinn Guðmundur Einarsson

Mótorsport hefur ekki verið iðkað mikið á Vestfjörðum, a.m.k. ekki með formlegum hætti, þótt vafalítið megi finna þar marga áhugamenn um hinar fjölbreyttu greinar sem undir það flokkast. Einn þeirra er Guðmundur Einarsson, sem fyrir skömmu keypti Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar í félagi við nafna sinn Guðmund Ásvaldsson. Guðmundur Einarsson er einn þeirra sem hafa brennandi áhuga á bílum og vélum og hafa viðfangsefni hans bæði í vinnu og frístundum legið á því sviði um árabil. Hann er Vestfirðingur í húð og hár, annars vegar frá Laugum í Súgandafirði og hins vegar frá Ingjaldssandi. Guðmundur ólst upp á Flateyri til tíu ára aldurs en fluttist síðan til Dýrafjarðar. Árið 1988 settist hann að á Ísafirði. Fyrir rúmum áratug hélt hann suður til Reykjavíkur til að ljúka námi í vélsmíði og komst þar í tæri við kvikuna í mótorsporti á Íslandi. Guðmundur var fljótur að renna á bensínlyktina og var fyrr en varði kominn í rallið þar sem hann aðstoðaði helstu ökuþóra landsins við að halda bílum sínum gangandi. Við það var ekki látið sitja heldur settist hann líka í öikumannssætið og tók þátt í svokölluðum spretti, þar sem rallbílum er ekið margsinnis eftir stuttri sérleið og keppt um tíma. Þá reyndi hann við kvartmílu og sandspyrnu og var með fyrstu mönnum hér á landi til að fá sér gokart-bíl. Þar var hann sinn eiginn liðsstjóri, viðgerðarmaður og ökumaður. Guðmundur segir að gert hafi verið góðlátlegt gys að fyrstu gokart-ökubórunum og látið í veðri vaka að um barnaleikföng væri að ræða. Menn skiptu þó fljótlega um skoðun enda dauðans alvara á ferð þar sem keppnisbílar í gokart eru bæði mjög aflmiklir og físléttir. „Þar skipta grömmun máli“, eins og Guðmundur segir.

Mótorsportið hefur legið á milli hluta hjá Guðmundi síðan hann sneri vestur aftur en áhuginn á Formúlu 1 blómstrar sem aldrei fyrr. Guðmundur sá Formúluna fyrst á Eurosport fyrir rúmum áratug, heillaðist af íþróttinni og hefur verið eldheitur aðdáandi allar götur síðan. Hann á geysistört safn myndbanda með Formúluefni sem inniheldur m.a. allar keppnirnar frá því að Sjónvarpið hóf útsendingar frá þeim.

Rallið blóðheitt ástríða

Þessa dagana er hann að setja sig inn í rekstur dekkjaverkstæðisins og undirbýr sig fyrir törnina að koma ökuhöfðingi á sumardekk með vorinu.

– Ertu búinn að vera viðriðinn bílabransann lengi?

„Ég byrjaði í dekkjunum fyrir um einu og hálfu ári hjá Guðna Geir Jóhannessyni í Bifreiðapjónustu FMG. Áður hafði ég verið viðloðandi viðgerðir og slíkt meira og minna frá árinu 1988 – svo að segja alinn upp á verkstæðinu í Vegagerðinni hjá Pétri.“

– Þannig að áhuginn liggur á sviði bílagreina?

„Já, það er alveg ljóst.“

– Síðan kynnist þú mótorsportinu fyrir sunnan.

„Já, ég fór til Reykjavíkur árið 1992 til að klára samningsnám í vélsmíði og var syðra í þrjú ár. Áhuginn á sportinu var náttúrulega löngu kviknaður en maður fékk að kynnast köllunum fyrir sunnan sem voru að grúska í þessu og þá varð maður alveg heltekinn.“

– Í hverju varstu helst að snúast í mótorsportinu?

„Það var rallið, síðan keypti maður gokartbíl og fór að keppa á honum og svo keppti ég líka í sandspyrnu og kvartmílu.“

– Varstu að keyra í rallinu?

„Nei, ég tók þátt í einum spretti en síðan var ég í þjónustuliðinu, meðal annars hjá Hnífssælingnum Páli Halldórssyni, Steingrími Ingasyni og við Metróinn frá Ásgeiri og Braga.“

– Hvernig er að þjónustu rallbílana – hlutirnir þurfa geta gerst hratt, ekki satt?

„Jú, og öll vinnan þarf að vera skipulögð í þaula. Þetta byggist á góðum undirbúningi, að hver hafi sitt verk og gangi fúmlaust að því.“

– Er þjónustan í rallinu eitthvað í líkingu við það sem maður sér í Formúlunni í Sjónvarpinu? Er stökkið til í miðri keppni til að laga eitthvað?

„Já, milli sérleiða er gert við ef með þarf, annars snýst vinnan meira um samskipti við ökuhöfðinginn og að fylgjast með því hvort eitthvað sé að. Síðan göngum við úr skugga um allt sé í topplagi, herðum það sem þarf að herða og svo framvegis. Þannig má segja að rallið og Formúlan séu gjörólík í reynd en vinnan byggist á sömu grundvallarreglunum, að ganga til verks á yfirvegaðan og kerfisbundinn hátt.“

– Er þá unnið eftir ákveðnum ferlum?

„Menn fá ákveðin verkefni og þá tekur maður til verkfærin og gengur í það sem á að laga. Síðan þegar það er búið fer maður að hjálpa hinum að klára sitt.“

– En svo á milli keppnisdaga – er þá legið í bílunum?

„Öll kvöld og allar helgar. Það fer allur tíminn hjá mönnum í þetta.“

– Er rallið þá blóðheitt ástríða hjá keppendum?

„Já, það er óhætt að segja. Menn endastekkt í því nema að lifa fyrir sportið.“

Að taka rétt af stað

– Síðan fer þig að langa að taka í sjálfur?

„Ég byrjaði reyndar mína fyrstu keppni á að keyra í spretti. Mér gekk ágætlega framan af, var kominn með þrýðisgóðan tíma en keyrði síðan út af. Bíllinn var ekki alveg heill áður og hresstist ekki við útafaksturinn og ég endaði í þriðja sæti. Verðlaunagripirnir eru orðnir tíu úr tólf keppnum.“

– Hvernig greinir sprettur?

„Þá er ein rallsérleið keyrð fram og til baka. Sá sem hefur besta tímann í heildina sigrar. Oft eru farnar 4-5 atrennur hvora ferð. Þarna er keppt í ralli og rallícross.“

– Síðan tók kvartmílan við?

„Já, ég átti bíl sem hentaði í svokallaðan bracket-flokk í kvartmíllunni. Flokkurinn er dottinn út núna en hann virkaði þannig að fyrst voru farnar tímatökur. Eftir niðurstöðum þeirra var ákveðinn tími sem maður ætlaði að fara á og mátti aldrei vera undir tímanum en samt á undan keppinautunum. Í þetta þurfti ekkert tryllitæki, maður gat t.d. verið að keppa við hægfara dísilbíl. Þannig fékk hægari bíllinn ákveðið forskot og ef allt gekk upp voru bílarnir jafnir yfir marklínuna þótt annar legði af stað jafnvel hálfri braut á undan. Nú er reyndar búið að leggja flokkinn niður og keppt í staðinn á jafnari bílum sem er mun áhorfendavænna. Bracket-flokkurinn var mjög spennandi fyrir keppendurna en áhorfendurnir áttu erfiðara

með að skilja hann. Maður var kannski búinn með þriðjungi af brautinni þegar hinn bíllinn fór af stað og síðan sá maður hann koma æðandi að sér í baksýnispeglinum og loks fóru bílarnir jafnir yfir línuna.“

– Hvernig bíl varstu á?

„Toyota MR2, lítlum sportbíl.“

– Kepptirðu á honum óbreyttum?

„Já, já, algerlega óbreyttum, og síðan í sandspyrnu í svokölluðum fólksbíla-standard-flokki.“

– Þessar greinar virðast lítið sem ekkert hafa verið stundaðar á Vestfjörðum.

„Nei, það er áhugi fyrir hendi en menn hafa bara ekkert gert í því.“

– Hvernig virkar sandspyrna?

„Hún er í rauninni eins og kvartmíla en bara á sandi. Það eru farnir 100 jardar sem jafngildir um það bil 92 metrum.“

– Útheimtir þetta ekki töluverða leikni? Nú er verið að keyra við ansi sérstakar aðstæður.

„Jú, í kvartmílu og sandspyrnu skiptir öllu máli að taka rétt af stað, að vera nógu snöggur á ljósunum – ekki þjófstarta heldur vera akkurat á broti úr sekúndu. Menn þurfa að kunna inn á bílinn og lesa aðstæðurnar rétt.“

Setið 2-3 cm frá jörðinni

– Er það mikið „kikk“ að keppa svona?

„Já, það er rosalega spennandi.“

– Er það ef til vill þess vegna sem menn ánétjast og verða svo forfallnir í mótorsportinu? „Já, flestir keppendurnir eru líka algjörlega undirlagðir af

bíladellu, sérstaklega hérna á Íslandi þar sem menn eru að gera við bílana sjálfir og smíða. Það er ekki úti þar sem menn eru frekar öikumenn ein-göngu. Þannig verður það hérna á Íslandi, að menn eru oft ekki að ná þeim árangri sem þeir eiga inni þar sem þreytan er farin að segja til sín í keppni-inni. Þarna spilar peningabátturinn inn í.“

– Eru menn þá kannski öll kvöld í vikunni að vinna í bílnum og leggja svo af stað eftir vinnu á föstudegi til að mæta í keppni á laugardegi?

„Já, það er eins og dæmið með Steingrím þegar hann kom meðrauða Nissaninn sinn í fyrstu keppnina. Klukkutíma áður en hann átti að mæta með bílinn var hann tilbúinn. Þannig var unnin öll nóttin en hann náði besta tímanum á fyrstu sérleið.“

– Það er líka heilmikil stemmning í kringum þetta, er það ekki? Menn eru mikið að bera sig upp hver við annan og fá ráð?

„Jújú, þetta eru allt vinir þótt þeir séu að keppa. Menn verða að hjálpast að til að allt gangi þó að þeir séu í hörkukeppni.“

– Svona keppnismennska hlýtur að taka mikinn toll af mönnum?

„Þetta er mikil vinna og yfirlega. Þannig þurfa fjölskyldumenn algerlega að gefa fjölskyldulífið upp á bátinn.“

– Síðan skellirðu þér út í akstur á gokartbílum.

„Já, árið 1994 byrja ég í því.“

– Var gokartið þá rétt að byrja?

„Já, ég var með þeim fyrstu til að kaupa bíl. Þá töldu menn þetta barnaleikföng en sáu loks að þessi öflugu bílar eru ekkert fyrir börn, að minnsta kosti ekki keppnisbílarnir. Þar er meðalhraðinn í keppni jafnvel 100 kílómetrar og hámarks-hraðinn á bílnum um 160 kílómetrar.“

– Gokartbílar eru að auki mjög litlir og léttir.

„Já, mig minnir að lágmarksþyngdin í keppni sé 160 kg með öikumanni. Þarna eru það grömmin sem skipta máli en ekki kílóin.“

– Hvernig tilfinning er að aka svona bíl í keppni? Nú sitja menn nánast á jörðinni, eru á öðru hundraðinu og með bensíntankinn á milli lappanna. Finnast þér gokartbílar-nir ekkert ógnvekjandi?

„Maður gleymir því þegar komið er af stað. Maður situr 2-3 sentimetra frá jörðinni en hugsar ekkert út í það.“

Bílinn eins og golfsett

– Þarf ekki öðruvísi lagni til að keyra gokartbíl en þyngra tæki? Þarna er ökumaðurinn sjálfur farinn að vega svo mikið í heildardæminu.

„Stillingarnar og uppsetningarnar á bílnum skipta geysimiklu máli. Í kvartmífunni og sandspyrnunni skiptir meira máli uppsetning á gripi í starti enda er eingöngu ekið beint áfram og þannig er það alltaf

eins, snýst um að ná góðu starti og svo framvegis. Í gokartinu, Formúlunni og fleiru er málið að halda rytmanum. Það er geysigaman þegar maður er kominn með reynslu og farinn að ná góðum rytma.

Í gokarti spilar margt inn í, fjölmargar stillingar á bílnum, þyngdin, að halla sér rétt í beygjunum og margt fleira. Þannig má segja að keppnin snúist oft um að gera ekki mistök, sér í lagi ef maðurinn fyrir framan gerir mistök. Þá er hætt við að maður fylgi fordæmi hans og geri sömu mistökin. Menn verða einfaldlega að halda einbeitingunni og keyra sína leið í gegnum beygjuna.“

– Þarf þá ekki gríðarlega einbeitingu?

„Jú, og stundum verður maður hræddur þegar eitthvað kemur upp á en má ekki láta það trufla sig.“

– Er sama yfirlega yfir hlutunum í gokarti og t.d. í ralli?

„Nei, það er varla sambærilegt og miklu minna fyrir gokarti haft. Gokart er eflaust ódýrasta sportið í þessum vélknúna geira. Auðvitað er hægt að leggja í það stórfé en bíll ásamt hjálmi, galla og öllu ætti að kosta 650-700 þúsund í dag.“

– Er gokartið því ekki miklu nær því að teljast tómstundagaman en aðrar mótorgreinar?

„Jú, ég get nefnt sem dæmi, að þegar ég var fyrir sunnan og bjó í einu herbergi, þá tók ég bíllinn og setti inn í herbergið til að geyma. Þannig er bíllinn svipaður og golfsett – hægt að stinga honum inn í geymslu að lokinni notkun.“

– Ertu að stunda eitthvert mótorsport í dag?

„Nei, en við héldum keppni á Ísafirði 2001. Það er eina gokartkeppnin sem hefur verið haldin hér um slóðir og tókst geysivel. Upp úr henni var stofnað félag um mótorsport, Mótorsportfélagið, og sótt um svæði fyrir braut. Við fengum jákvæð viðbrögð við umsókninni en síðan var bara ekkert gert – vantaði fjármagn. Brautin þarf að vera úr malbiki en ekki olíumöl, svo hún kostar sitt. Ætli góð braut með öllu því nauðsynlegasta kosti ekki um 10 milljónir.“

Formúlan frá upphafi

– Nú er það Formúlan sem á hug þinn allan, ekki satt?

„Jú, ég hef fylgst með henni frá upphafi útsendinga í Sjónvarpinu og lengur. Ég sá fyrst sýnt beint frá keppni árið 1992 og strax var það Michael Schumacher sem heillaði mig.“

– Útsendingin hefur þá verið á gervihnattarstöð?

„Já, við komum saman á pöbb fyrir sunnan og horfðum á keppnina á Eurosport.“

– Það er nú ekki margir að keppa ennþá af þeim sem voru þá?

„Nei, þeir eru ekki margir. Ætli Schumacher sé ekki sá eini. Häkkinen er hættur.“

– Formúlan er mjög spennandi og það virðist vera þannig að þeir sem komast á bragðið á annað borð verði forfallnir –



hvað segirðu um það?

„Mér sýnist það ekki fara á milli mála. Formúlan heltekur alls konar fólk, allt frá krökkum upp í fólk á háum aldri.“

– Hefurðu gerst svo forframaður að skella þér út á keppni?

„Nei, það hefur aldrei orðið af því – það er draumurinn náttúrlega og helst á meðan Schumacher er að keppa. Ég veit ekki hvort maður nær því.“

– Nú er það verkstæðisreksturinn sem á hug þinn allan, eða hvað?

„Jú, hann er númer eitt, tvö og þrjú – en maður sleppir

aldrei Formúlunni!“

– Eruð þið eins fljótir að skipta hér og í Sjónvarpinu?

„Nei, þar er töluverður munur á. Í Formúlunni eru átján til tuttugu menn að þjónusta bílinn og ein ró á hjól í staðinn fyrir fjórar til átta. Þar er náttúrlega allt gert til að hlutirnir gangi sem hraðast fyrir sig.“

– Meðan hjá þér snýst málið um að halda hjólinu örugglega undir sem lengst.

„Já, og gera hlutinn vel. Ég held að það komi manni alltaf áfram að vera með gæði og vandaða þjónustu, hvort sem maður er mínútunni fljótari

eða seinni.“

– Ertu farinn að hugsa þér eitthvað til hreyfings í mótorsportinu – er kominn fiðringur í bensínfótinn?

„Það kemur náttúrlega alltaf með hækkandi sól, maður hefur alltaf áhuga á margskonar mótorsporti og reynir að fylgjast með sem flestu. Ég veit ekki hvort ég þori að segja frá því, en ég á hverju einustu keppni í Formúlunni á vídeóspólu, alveg frá upphafi árið 1997 – það er dágott safn.“

– Nú hefur tíðin verið ansi breytileg upp á síðkastið, svo ekki sé meira sagt. Hvernig

leggst þetta í forsvarsmann dekkjaverkstæðis – er nokkuð hægt að stóla á það lengur hvenær tarnirnar verða?

„Jú, það eru alltaf ákveðin viðmið í þessu. Menn fara að huga að sumardekkjunum strax upp úr páskum og svo kemur haustskot þegar fyrsti snjórinn sést.“

– Þannig eruð þið að gíra ykkur í páskafríið en síðan tekur væntanlega sumardekkjartörnir við?

„Já, törnin verður upp úr páskum – en það eru einhverjir byrjaðir nú þegar“, sagði Guðmundur Einarsson.

Misjöfn þróun í afla einstakra tegunda eftir byggðarlögum á Vestfjörðum

Mikil aukning í þorski og ýsu á Flateyri en samdráttur í steinbít

Mjög misjöfn þróun er í afla einstakra tegunda eftir byggðarlögum á Vestfjörðum á milli fiskveiðiára. Afli í þorski og ýsu eykst mjög á Flateyri en dregst saman í steinbít. Á öðrum stöðum er þróunin talsvert frábrugðin. Á fyrstu sjö mánuðum yfirstandandi fiskveiðiárs frá byrjun september til loka marsmánaðar var landað á Vestfjörðum 33.803 tonnum af sjávarfangi. Er það rúmlega 2,6 % aukning á milli ára. Þróunin er mjög mismunandi á milli einstakra staða á Vestfjörðum.

Samdráttur er mestur á Norðurfirði í magni talið eða um 84% úr 56 tonnum í fyrra í einungis 8 tonn í ár. Samdráttur er einnig í Súðavík um tæp 35% á milli ára úr 1.870 tonn-um í 1.217. Þá er einnig samdráttur milli ára á Patreksfirði um tæp 12%.

Mest aukning í lönduðum afla hefur orðið á Drangsnesi. Þar jókst afli úr 987 tonnum í 1.174 tonn eða um tæp 19%. Á Hólmavík var aukningin um 18%. Á Flateyri var aukningin



Landað út bátum í höfninni í Bolungarvík.

17%, á Tálknafirði 13%, í Bolungarvík varð aukning um 7,5%, á Ísafirði var hún 6,6% og á Suðureyri var aukningin um 2,2%. Á Þingeyri var aflaukningin um 1,3 %.

Þegar einstakar fisktegundir eru skoðaðar á milli staða kem-

ur margt athyglisvert í ljós. Þorskaflí hefur aukist á milli ára á Flateyri um tæp 38% eða um rúm 700 tonn. Þar sker Flateyri sig úr öðrum sveitarfélögum. Næst kemur Bolungarvík með aukningu í þorski um 12,7 %. Í ýsuaflanum er

niðurstaðan svipuð. Þar er langmest aukning á Flateyri eða um tæp 70% á milli ára eða rúm 300 tonn en næstmesta aukningin er á Ísafirði eða um rúm 33%.

Í steinbítsafla snýst dæmið við. Þar dregst aflinn mest

saman á Flateyri eða um tæp 47% eða 400 tonn. Á sama tíma eykst steinbítsaflinn um tæp 35% á Þingeyri, um 67% í Bolungarvík, um 37% á Ísafirði og stendur í stað á Suðureyri.

– hj@bb.is

Eyðibýli í Djúpi brann til ösku

Eldur kviknaði í eyðibýlinu Tungu í Ísafjarðardjúpi seinnipart dags á laugardag, og brann húsið til kaldra kola. Húsið var notað sem sumardvalarstaður og bjuggu hjón í húsinu, en þau voru ekki inni. Neyðarlínu barst tilkynning um eldinn frá eigendum hússins um kl. 16.45, og var slökkvilið komið á staðinn um 40 mínútum seinna. Talsverður eldur var í húsinu, og var það rústir einar um kl. 20.30 þegar slökkvistarfi lauk, að sögn lögreglunnar á Hólmavík, sem vaktaði húsið um nóttina. Húsið var eyðibýli, en unnið hafði verið að því að gera það upp og var þar talsvert af innanstokksmunum sem eru allir taldir ónýtir.

Leikjaskóli í bígerð á Torfnesi

Boltafélag Ísafjarðar undirbýr starfrækslu íþrótt- og leikjaskóla á íþróttasvæðinu á Torfnesi í sumar. Að sögn Kristjáns Páls-sonar, formanns BÍ, er ráðgert að starfsemin verði með svipuðu sniði og undangengin ár. Skólinn er rekinn í samvinnu við Kristján Flosason og Sigríði Guðjónsdóttir, nema við íþróttakennaraskólann á Laugarvatni, sem munu leiðbeina á námskeiðunum. Kristján segir þau í óða önn að setja upp dagkrá skólans sem á að hefjast í júní.



Héldu tombólu til styrktar Sigurvon

Fimm ungar stúlkur héldu tombólu í síðustu viku til styrktar krabbameinsféluginu Sigurvon. Ungu dómurnar létu ekki kulda og fámenni á sig fá enda málefnið gott. Miðinn hjá stúlkunum kostaði 50 krónur og voru glæsilegir vinningar í boði. Þannig höfðu þær náð að afla ríflega eitt þúsund krónur þegar ljósmyndara blaðsins bar að garði.

Skólar fá styrk

Grunnskólar Ísafjarðarbæjar hafa fengið styrk til úr Þróunarsjóði grunnskóla til verkefnisins „Læsi til Framtíðar“. Alls var úthlutað 12,1 milljón króna til 33 verkefna og fengu grunnskólarnir í Ísafjarðarbæ styrk að upphæð 500 þúsund krónur.

Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: eignir@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Einbýlishús

Seljaland 9: 139 m² glæsilegt og vandað einbýlishús ásamt 42 m² bílskúr og 15,8 m² sólstofu. Verð 16,7 m.kr.

4-6 herbergja íbúðir:
Mjallargata 1: 122,2 m² 4ra herbergja íbúð á 3ju og 4. hæð í fjölbýlishúsi. Sér inngangur afsvölum. Verð 9,5 m.kr.
Stórholt 7: 116 m² 4ra herbergja íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 8 m.kr.
Túngata 12: 99 m² íbúð á miðhæð í þríb.húsi ásamt bílskúr og garði. Verð 7,9 m.kr.

3ja herbergja íbúðir:
Sundstræti 14: þriggja herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Íbúðin er 80,6 m² og geymsla 7,6 m². Verð 4,0 m.kr.
Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólfmötur, mikið rými í risi) Áhv. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.
Sólgata 8: 68 m² íbúð á neðri hæð í þríbýlishúsi. Áhv. ca. 4 m.kr. Verð 5,9 m.kr.

2ja herbergja íbúðir:
Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 4 m.kr.
Fjarðarstræti 6: 77,3 m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 4,6 m.kr.
Seljalandsvegur 58: 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi tvöfalda bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr. Tilboð óskast

Atvinnuhúsnæði:
Árnagata 3: 562 m² atvinnuhúsnæði við hafnar- svæði. Stórt og rúmgott smíðaverkstæði með skrifstofu- aðstöðu. Tilboð óskast
Sindragata 14: 534 m² stálgrindarhús á einni hæð. Nýtt atvinnuhúsnæði, vel búið og í góðu standi. Verð 25 m.kr.
Suðurtangi 2: 210 m² trésmíðaverkstæði á einni hæð ásamt geymslulofti. Verð 4,5 m.kr.

Bolungarvík:

Heiðarbrún 7: 290 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum tvöföldum bílskúr. Verð 10 m.kr.
Vitastigur 8: 99,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum, allt nýuppgeri. Tilboð óskast
Hjallastræti 38: 113,9 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 59,2 m² bílskúr. Verð 6,5 m.kr.

Stigahlið 4: 54 m² 2ja herbergja íbúð í kjallara í fjölbýlishúsi. Íbúðin er í góðu standi. Tilboð óskast
Traðarstigur 7: 108,1 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 36,2 m² bílskúr og 16 m² garðskála. Tilboð óskast

Þingeyri:

Aðalstræti 1: 80,4 m² 3ja herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 3 m.kr.
Aðalstræti 17: 107 m² þriggja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð 7,5 m.kr.

Sumarbústaðir:
Sumarbústaður til flutnings: 46,4m² sumarhús sem hægt er að flytja, staðsettur í Mjóafirði, 3 herbergi, stofa, eldhús og svefnloft. Tilboð óskast.

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

Ölgerðin – bílstjóri

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf., óskar eftir að ráða metnaðarfullan og hugmynda- ríkan starfsmann til starfa í útibúi Ölgerðar- innar á Ísafirði. Viðkomandi þarf að hafa réttindi á bíl með burðargetu að 5 tonnum, frumkvæði, geta unnið sjálfstætt og hafa einhverja tölvukunnáttu.

Áhugasamir sendi greinargóðar upplýs- ingar um menntun, reynslu og fyrri störf til afgreiðslu Ölgerðarinnar á Ísafirði, merktar „Ölgerðin – bílstjóri“ fyrir 29. apríl nk.

Nánari upplýsingar gefur Maggi í síma 821 9033. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Knattspyrnupjálfarar

Yngri flokkar UMFB óska eftir knattspyrnu- pjálfurum fyrir sumarið 2004. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu eða réttindi til pjálfunar.

Umsóknir sendist skriflega fyrir 15. maí 2004 til Sigrúnar Sigurðardóttur, Höfðastíg 14, 415 Bolungarvík, sími 456 7188.

Stjórn yngri flokka UMFB.

Aðalfundur Vélbátaábyrgðarfélags Ísfirðinga haldinn á Hótel Ísafirði á laugardag

Stjórnin leggur til að félaginu verði slitið

Fyrir aðalfundi Vélbáta-ábyrgðarfélags Ísfirðinga sem haldinn verður á Hótel Ísafirði á laugardag liggur tillaga stjórnar um slit félagsins og

úthlutun til félagsaðila. Stjórnin leggur til að hreinni eign félagsins að frádregnum kostnaði ársins og óþekktum kostnaði verði skipt á milli félags-

manna. Félagið tapaði miklu fé á starfsárinu 1999 og í kjölfar fjárhagserfiðleikanna var gerður samningur við Sjóvá-

Almennar sem yfirtók í raun þá váttryggingarstarfsemi sem félagið hafði undir höndum. Fyrir aðalfund félagsins árið 2000 kom í ljós að fram-

kvæmdastjóri félagsins, Hinrik Matthíasson, hafði í heimildarleysi og án vitundar stjórnarinnar skuldbundið félagið og skrifað upp á ábyrgðir

fyrir gjaldþrota fyrirtæki, Vesturskip ehf. á Bíldudal. Framkvæmdastjórinn lét þegar af störfum og var málinu vísað til Fjármálaeftirlitsins.



Atvinna

Vestfirskir verktakar ehf., óska eftir að ráða til sín smiði, múrara og menn vana byggingarvinnu. Upplýsingar gefur Hermann í síma 861 1442.

Gerist áskrifendur í síma 456 4560

Héraðsdómur Vestfjarða

Dæmdur til að greiða 75 þúsund króna sekt fyrir fíkniefnaviðskipti

Tvítugur maður var dæmdur í Héraðsdómi Vestfjarða á föstudaginn til að greiða 75 þúsund króna sekt fyrir brot á lögum um ávana og fíkniefni. Manninum var gefið að sök að hafa í október 2002 keypt 20 grömm af hassi af óþekktum aðila í Króksfjarðarnesi og selt af því um 17 grömm til óþekktra aðila á Ísafirði og nágrenni. Einnig að hafa haft í fórum sínum tóbaksblandað hass sem lögreglan á Ísafirði haldlagði við leit í bifreið hans



í Vestfjarðargöngum og á dvalarstað ákærða á Ísafirði. Ákærði játaði sök fyrir dómi. Hinn 15.október s.l. gekkst ákærði undir greiðslu 37.500 króna sektar með sátt við

sýslumanninn á Ísafirði fyrir brot gegn lögum um ávana og fíkniefni. Það brot var framíð í september 2002. Var refsing hans nú tiltekin sem hegningarauki við þá refsingu. Auk þess var annars vegar litið til þess að um sölu fíkniefna var að ræða, en á hinn bóginn til þess að meira en ár leið frá því að rannsókn lauk uns málið var höfðað og ákærði hafði bætt ráð sitt eftir að hann framdi brotið. Var ákærði því dæmdur til

greiðslu 75 þúsund króna sektar til ríkissjóðs, sem hann skal greiða innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins en sæta ella fangelsi í 10 daga. Einnig voru gerðar upptækar 60 þúsund krónur sem var söluandvirði seldra fíkniefna og einnig voru gerð upptæk fíkniefni þau sem ákærði var með í fórum sínum. Erlingur Sigtryggsson héraðsdómari kvað upp dóminn. Ákærði kvaðst una dómi. – [hj@bb.is](#)

Ísfirðingar sigursælir í göngu á Unglingameistaramóti Íslands sem haldið var á Siglufirði um helgina

Arnar vann til fernra gullverðlauna

Arnar Björgvinsson frá Ísafirði vann til fernra gullverðlauna í göngu á Unglingameistaramóti Íslands sem fram fór á Siglufirði um helgina. Alls unnu Ísfirðingar fimm greinar í göngu á mótinu og fengu að auki tvenn silfurverðlaun og fern bronsverðlaun.

Í keppni með frjálsri aðferð í flokki 13-14 ára pilta varð Jón Axel Kristjánsson frá Ólafsfirði í fyrsta sæti. Í öðru sæti varð Brynjólfur Óli Árnason frá Ísafirði og þriðji varð Stefán Pálsson Ísafirði. Í flokki stúlkna 13-15 ára sigraði Hulda María Harðardóttir frá

Ólafsfirði, í öðru sæti varð Guðbjörg Helga Andrésdóttir frá Ólafsfirði og í þriðja sæti varð Sigurbjörg Björnsdóttir frá Akureyri. Í flokki 15-16 ára drengja sigraði Arnar Björgvinsson frá Ísafirði, í öðru sæti varð Gylfi Víðisson frá Ólafsfirði og í þriðja sæti

varð Sævar Birgisson frá Sauðárkróki. Í hefðbundinni göngu 13-14 ára drengja sigraði Brynjólfur Óli Árnason frá Ísafirði. Í öðru sæti varð Jón Axel Kristinnsson frá Ólafsfirði og í

þriðja sæti varð Stefán Pálsson frá Ísafirði. Í flokki stúlkna 13-14 ára sigraði Hulda María Harðardóttir frá Ólafsfirði og Guðbjörg Helga Andrésdóttir sveitungi hennar varð önnur. Í flokki drengja sigraði Arnar

Björgvinsson frá Ísafirði. Í öðru sæti varð Sævar Birgisson frá Sauðárkróki og í þriðja sæti varð Gylfi Víðisson frá Ólafsfirði. Í boðgöngu drengja 13-16 ára sigraði A sveit Ísafjarðar.



Starfsstöð Vegagerðarinnar á Ísafirði.

Vegagerðin á Ísafirði

Leitar að hentugasta slitlagsefninu

Í miðjum Önundarfirði má sjá kaflaskil á veginum og hafa sjálfsagt fæstir áttað sig á hverju þau sæta. Ástæðan er sú að í fyrra lagði Vegagerðin á Ísafirði mismunandi slitlagsefni á 60 metra vegarkafla til að bera saman endingu og slit-

styrk þeirra og er markmiðið að finna út hvað hentar Vestfirðingum best. Vegagerðinni á Ísafirði var úthlutað styrk til rannsóknarinnar sem var meðal 92 verkfna sem hlutu styrk af rannsóknarfé Vegagerðarinnar en

alls bárust 140 umsóknir. Tilraunin mun taka nokkur ár en búist er við að henni ljúki í lok árs 2008. Þó erfitt sé að segja til um niðurstöðurnar eftir svo stuttan tíma eru vísbendingar um að efni sem sprengt er úr klöpp gefi besta árangurinn.



Námskeið

Námskeið í stjórn og meðferð gaffallyftara, hleðslukrana, dráttarvéla með tækjabúnaði, körfubíla, steypudæla og valtare verður haldið í Próunarsetri Vestfjarða, Árnagötu 2-4 á Ísafirði ef næg þátttaka fæst.

Föstudaginn 23. apríl kl. 09:00 - 16:00

Laugardaginn 24. apríl kl. 09:00 - 16:00

Sunnudaginn 25. apríl kl. 09:00 - 16:00

Verð er kr. 15.400.- á þátttakanda.

Upplýsingar og skráning er hjá Vinnueftirlitinu á Ísafirði í síma 450 3080 og 895 1594 og á netfanginu vestfirdir@ver.is

Vinnueftirlit ríkisins, Ísafirði.

Smáauglýsingar

Til sölu er Yamaha SRX 700 vél-sleði árg. 99, ekinn 3000 km. 25 mm belti. Upplýsingar í síma 849 5572.

Ertu á leiðinni suður í skóla og viltu vera stóra systir? Frítt fæði og húsnæði í boði gegn því að passa 5 ára stúlku nokkur kvöld og eftirmiðdaga í mánuði. Eru þvær í heimili, ekki langt frá HÍ. Ef þú ert barngóð, orðin 18 ára og vilt vera hluti af lídilli fjölskyldu, hafðu þá samband við Maríu Sólbergsdóttur í síma 856 6114.

Til sölu er Sound Blaster 5.1 hljóðkort á kr. 4.500 og ef þú bætir 8 þús. kr. við færðu Creative Inspire 5.1 heimablóð/hljóðkerfi. Saman er þetta frábært í leiki eða til að horfa á blómyndir í tölvunni. Nánari uppl. í sínum 456 3470 eða 848 3435.

Til sölu er Hyundai Accent GSL, 4 dyra, árg. 1995, ekinn 74 þús km. Næsta skoðun í okt. 2004. Sumar- og vetrardekk, nýr rafgeymir o.fl. Verðhugmynd kr. 200 þús. Uppl. í síma 862 6092.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Hlíðarvegi 16. neðri hæð. Uppl. í síma 456 3928 og 456 4323.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Urðarvegi 78 með sérinngangi. Uppl. í síma 456 3928 og 456 4323.

Vantar allskyns húsmuni, sófa, sófaborð, ísskáp, þvottavél, skrifstofustól, fataskáp, ketill, brauðrist, bókahillur og margt fleira, ódýrt. Uppl. gefur Elríkur í síma 845 2685.

Til sölu er Toyota Touring árg. 1998, skoðaður 2004. Verð kr. 50 þús. Upplýsingar í síma 888 0711.

Til leigu er íbúð eða lítið einbýlishús í Hnífsdal. Upplýsingar í síma 456 3285.

Til sölu er húseignin að Vitastíg 10 í Bolungarvík sem er einbýlishús á tveimur hæðum, ca. 180 m². Hver hæð 90m². Á neðri hæð eru þrjú svefnherbergi og þvottahús. Á efri hæð er eldhús, baðherbergi, svefnherbergi og stofur. Leiga kemur til greina. Uppl. í síma 456 7114.

Til sölu eru 14" sumardekk á álfelgum sem einungis er búið að keyra á í eina viku. Upplýsingar gefur Einar í síma 892 7215.

Óska eftir heymarhlífum með útvarpi. Uppl. í síma 893 5191.

Óska eftir að kaupa felgur sem passa undir Toyota Landcruiser árg. 1998. Vinsamlegast hafið samband við Grétar í síma 456 4244 eða 892 7911.

Svört tölvutaska með bókum týndist á balli með hljómsveitinni Hraun fyrir nokkrum helgum. Finnandi hafi samband í síma 845 2685.

BB – smáauglýsingar – BB

Endurnýjun Hótel Ísafjarðar lokið

Opið almenningi til sýnis á sumardaginn fyrsta

Á undanfögnu ári hafa verið gerðar miklar endurbætur á Hótel Ísafirði og er þar með búið að endurnýja hótelið að innan allt frá veitingasal á 1. hæð upp á 5. hæð. Áslaug Alfreðsdóttir, hóteltjóri, segir hótelið nú allt hið glæsilegasta og vel búið til að takast á við fjölbreytt verkefni. „Með breytingunum hefur öll aðstaða til fundahalda batnað mjög og er hótelið nú mun betur í stakk búið til að taka á móti hvers kyns ráðstefnum og fundum auk hefðbundinna ferðamanna allt árið“, segir Áslaug.

Í fyriravor var byrjað á að endurnýja veitingasali hótelsins og anddyri með því að skipta um húsgögn, gluggatjöld, mála og endurnýja tæki til funda og ráðstefnuhalds en m.a. voru settir upp öflugir skjávarpar og þráðlaus nettinging. Þá var herbergjum fjölgað um fjögur með því að breyta skipulagi á 5. hæð. Eitt herbergjanna flokkast undir að vera lúxusherbergi, sem nýstist einnig sem fjölskylduherbergi eða fyrir gesti í hjólastól. Herbergið hentar einnig vel fyrir brúðhjón. Þá segir Áslaug unnt

að leigja það fyrir litla fundi, sér í lagi yfir vetrartímann.

Eftir síðustu áramót var haldið áfram að endurnýja á jarðhæð hótelsins með því að breyta og lagfæra aðkomu, setja nýjar útihurðir, lagfæra loftræstingu og hita í veitingasölum auk þess að bæta aðstöðu gesta. Áslaug segir að með þessum breytingum séu nýtingarmöguleikar mun fleiri en áður t.d. fyrir ýmis konar móttökur, sýningar og kynningar. Einnig hafa öll herbergi á 3. og 4. hæð verið endurnýjuð með nýjum húsgögnum, gluggatjöldum og teppum en áður var búið að endurnýja 2. hæð hótelsins og gera hana reyklause.

Í tilefni tímamótanna verður efnt til opins húss á Hótel Ísafirði á sumardaginn fyrsta. „Ætlinin er að kynna breytingarnar fyrir bæjarbúum ásamt því að bjóða þeim upp á smáhressingu í tilefni af komu sumarsins“, segir Áslaug. Gestum verður boðið að skoða herbergi hótelsins og veitingasali þar sem verða til sýnis uppdekkuð borð fyrir ýmiss tilefni, sýndar verða skreytingar frá Blómaturninum og gler-

munir frá Rammagerð Ísafjarðar.

Hafsteinn Vilhjálmsson, H.V. umboðsverslun, hefur tekið við umboði fyrir Heklu og mun sýna nýja bíla á staðnum. Starfsemi Hótel Eddu á Ísafirði og á Núpi verður kynnt og Vesturferðir kynna ferðir sumarsins og ferðabækling 2004. Þá verður Flugfélag Íslands með kynningu á starfsemi sinni. Gestum verður upp

á kleinur frá SKG veitingum, kaffi og konfekt frá Gevalia, kók í boði Vífilfells og ís frá Kjörís. Á kynningunni verður einnig happadrætti með mörgum glæsilegum vinningum m.a. flugfari með Flugfélagi Íslands, skoðunarferð með Vesturferðum, kvöldverði á Hótel Eddu á Núpi, Gisting á Hótel Eddu, ásamt gjöf frá Rammagerð Ísafjarðar. Opna húsið stendur frá kl. 14 til 17.



ÍSAFJARÐARBÆR

FULLTRÚÍ Á FJÁRMÁLASVIÐI

Óskum að ráða á bæjarskrifstofu í starf fulltrúa á fjármálasviði.

Starfssvið:

- Fjárumsysla.
- Rekstrarverkefni.
- Tölvu- og hagræðingarverkefni.
- Innheimtustörf.
- Afgreiðsla, upplýsingagjöf.
- Önnur tilfallandi störf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf að lágmarki.
- Góð almenn tölvukunnátta (s.s. Exel, Work, Windows).
- Bókhalðskunnátta.
- Nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Ísafjarðarbæjar á slóðinni www.isafjordur.is/storf.php og í síma 450 8000.

Fjármálastjóri.



Hótel Ísafjörður.

Anna María sigraði

Anna María Guðjónsdóttir var eini keppandinn frá Ísafirði sem vann til verðlauna í alpagreinum á unglingameistaramótinu sem fram fór á Siglufirði um helgina. Anna varð þriðja í stórsvigi í aldursflokki 13-14 ára stúlkna. Í svigi varð hún í áttunda sæti. Samanlagður árangur hennar nægði til gullverðlauna í alpatvíkeppni.

Frumkvöðull tilnefndur

Á fundi Atvinnumálanefndar Ísafjarðarbæjar á dögunum var ákveðið hver skyldi hljóta nafnbótina frumkvöðull ársins 2003 í Ísafjarðarbæ. Ákvað nefndin jafnframt að halda nafni hans leyndu að sinni. Að sögn Rúnars Óla Karlssonar, starfsmanns nefndarinnar, stóð til að afhenda nafnbótina í síðustu viku en af því gat ekki orðið vegna óviðráðanlegra ástæðna og er stefnt að því að gera það sem allra fyrst.

Fern verðlaun til KFÍ-manna

Á uppskeruhátíð Korfuknattleikssambands Íslands sem haldin var í Reykjavík á laugardag voru afhent verðlaun til þeirra leikmanna sem þóttu skara framúr í vetur. Meðal verðlaunahafa voru þrír leikmenn KFÍ. Jeb Ivey hlaut verðlaun fyrir bestu vítanýtingu eða 91,8% og fyrir bestu nýtingu úr þriggja stiga skotum eða 49,4 %. Þá hlaut Troy Wiley verðlaun fyrir flest skot varin eða 4,4 og Bethuel Fletcher hlaut verðlaun fyrir flestar stoðsendingar eða 7,7 talsins.

STAKKUR SKRIFAR

Stjórnsýsla og samgöngur

Mörgum verður hugsað til þess að atvinnumálum er nú komið með allt öðrum hætti en fyrir rúmum áratug þegar Vestfirðingar voru fyrst og fremst þekktir fyrir sjósókn og fiskvinnslu. Miklar breytingar hafa orðið á útgerð og hún bæði dregist saman og þjappast saman í færri og stærri einingar. Mörgum þótti mikið til um að Hraðfrystihúsið Gunnvör yrði almenningshlutafélag, en stjórnendur þess hafa snúið af þeirri braut og félagið er ekki lengur skráð í Kauphöll Íslands. Að undanfögnu hefur hugtakið „barn síns tíma“ verið mörgum tamt á tungu vegna ummæla dómsmálaráðherra. Umræða um þau verður geymd, en hins vegar er allt í mannlífínu barn síns tíma og nægir að nefna fiskvinnslu og útgerð í þeim efnum. Þær aðstæður kunna að verða á nýjan leik að Vestfirði bíði nýtt blómaskeið í þeim efnum, en nú þarf að leita annarra leiða í viðleitni til að auka atvinnu í fjórðungnum.

Nútíma stjórnsýsla og kostnaður, skilvirkni og staðsetning hennar á eftir að bera oft á góma í nánustu framtíð. Hvernig er skattfé almennings best varið í hans págu? Verður það gert með því að viðhalda núverandi skiptingu stjórnsýslu á hina ýmsu staði landsins eða manna stjórmmálameinn sig upp og taka á málum með nýjum hugsunarhætti. Rætt hefur verið um fækkun sýslumanna, án þess að nokkuð hafi gerst frekar og nú starfar nefnd skipuð af dómsmálaráðherra um nýskipan í lögreglu og heyrst hefur að fækka eigi lögreglustjórum frá því sem nú er. Um langt skeið hafa allir sýslumenn verið lögreglustjórar, nema í Reykjavík. Þar hefur verið sérstakur lögreglustjóri um langt skeið. Margir spyrja er kröftum lögreglunnar og fé því sem henni er ætlað í heildina á fjárlögum best varið með því að hafa 26 lögreglustjóra, sem hafa sumir bara einn lögregluþjón í þjónustu sinni? Er nauðsyn 26 sýslumanna

eða 9 skattstjóra og þurfa sveitarfélögin endilega að vera 104? Þeim hefur þó fækkað úr rúmlega 220 á tveimur áratugum og flestir viðurkenna að sú breyting hafi verið bæði nauðsynleg og fremur til góðs. Hvers vegna er þessi umræða tekin upp hér? Jú, til þess að fá lesendur til þess að leiða hugann að því að stjórnsýsla á Íslandi er barn síns tíma og nýir tímar eru runnir upp.

Eithvert merkasta framfaraspor í skattlagningu er upptaka staðgreiðslu skatta og svo í framhaldi af því hin ótrúlega góða þjónusta sem veitt er með því að gera skattgreiðendum kleift að telja fram á netinu og hafa að auki upplýsingarnar, sem skattkerfinu hvort eð var bárust á pappír fyrrum, forskráðar. Gerð skattframtals er orðin einfalt verk fyrir flesta og ekki næstum jafn fyrirkvíðanlegt og áður, enda netframtalið mjög mikið notað.

Í rafrænni stjórnsýslu kunna að vera fólgnir möguleikar fyrir nýjum störfum utan höfuðborgarsvæðisins. Netið og tölvan gera það óþarft að sá sem vinnur verkin sé í næsta herbergi við þann sem þarf þjónustuna. Nægir að minna á stórmerkt tal við Margréti Oddsdóttur í BB fyrir skömmu. Meira að segja læknisverkin er hægt að vinna á milli heimsálfa með rafrænum hætti. Við þurfum tvennt, að auka hraðbrautina á netinu og lagfæra samgöngur á landi, sjó og lofti. Fyrst og fremst þarf að laga vegi og gera þannig fólki auðveldara að ferðast um Ísland og samræma svo land- og sjóflutninga öllum til hagsbóta. En nýtt hugarfar varðandi stjórnsýslu hefur í för með sér að störfín færast til eftir starfsmanninum en ekki öfugt. Ísafjörður eða Reykjavík, það skiptir ekki máli ef starfsmaðurinn er göður.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Stúlkurnar níu sem tóku þátt í keppninni um fegurstu stúlku Vestfjarða 2004.

Margrét Magnúsdóttir kjörin fegurðardrottning Vestfjarða

Margrét Magnúsdóttir, tvítug mæð úr Ónundarfirðir, hampaði titlinum „Ungfrú Vestfirðir 2004“ á Fegurðarsamkeppni Vestfjarða sem var haldin í veitingahúsinu Krúsinni á laugardagskvöld. Margrét var jafnframt valin netstúlka keppinnar en hana völdu lesendur vefjarins skemmtun.com. Í öðru sæti keppinnar varð Ólafía Kristjánsdóttir, frá Ísafirði, og þriðja varð Anna Birta Tryggvadóttir, frá Ísafirði. Kolbrún Elva Schmidt, frá Suðureyri, var valin besta ljósmyndafyrirsætan og Arndís A. Finnbogadóttir úr Bolungarvík var kosin vinsælasta stúlkan. Níu stúlkur kepptu um titilinn eftirsótt og er óhætt að segja að mikil spennan hafi legið í loftinu þegar dómnefnd var að störfum. Að sögn Rósamundu Baldursdóttur, framkvæmdastjóra keppinnar, heppnaðist keppnin mjög vel að þessu sinni og var mikil ánægja með frammistöðu stúlkanna níu sem kepptu til úrslita. Dómnefnd kvöldsins var á sama máli og lofaði framkvæmd keppinnar og ekki síður frammistöðu stúlkanna sem kepptu. Var því ákveðið að efstu þrjár stúlkurnar kepptu í úrslitum Fegurðarsamkeppni Íslands sem fram fer á Broadway í Reykjavík þann 29.maí. Vegleg skemmtiatriði voru á úrslitakvöldinu. Sunneva Sigurðardóttir, sem sigraði í Söngvara-keppni Vestfjarða, söng




Stúlkurnar sem urðu í þremur efstu sætunum. Frá vinstri: Ólafía Kristjánsdóttir (2), Margrét Magnúsdóttir, fegurðardrottning Vestfjarða 2004 og Anna Birta Tryggvadóttir (3).

og einnig voru sungin lög úr uppfærslu menntskælinga á Ísafirði á söngleiknum Gretti. Fyndnasti maður Vestfjarða, Snorri Hinriksson, kom einnig fram og skemmti gestum. Matseðill kvöldsins var mjög

glæsilegur og réð Sigbór Sigurðsson ríkjum í eldhúsinu. Í dómnefnd sátu Elín Gestsdóttir, Lilja Allansdóttir, Björn Blöndal, Kristjana Skúladóttir og Árni Heiðar Ívarsson. Um hárgreiðslu

á úrslitakvöldinu sá Hárkompaníið og förðun önnuðust Þórdís Þorleifsdóttir hjá No Name og Alda Karlsdóttir hjá Ives St. Laurent. – hj@bb.is



Verknámsnemar taka þátt í málmsuðukeppni

Í gær lagði hópur iðnnema við MÍ af stað til að taka þátt í árlegri málmsuðukeppni iðnnema sem fram fer í lónskólanum í Hafnarfirði í dag. Tveir fulltrúar munu keppa fyrir hönd MÍ, þeir Þorbjörn Jóhannsson og Guðmundur Kristinn Albertsson. Til halds og trausts verða með í för nokkrir nemendur á öðru stigi vélstjórnar. Piltarnir hafa æft stíft að undanfögnu undir styrkri leiðsögn Tryggva Sigtryggssonar, kennara í málmiðngreinum. Vilja nemendur koma á framfæri kærum þökkum til þeirra fjölmörgu fyrirtækja sem hafa stutt við bakið á þeim og gert ferðina mögulega.

– kristinn@bb.is



Þorbjörn Jóhannsson og Guðmundur Kristinn Albertsson við æfingar í Menntaskólanum á Ísafirði undir styrkri stjórn Tryggva Sigtryggssonar.

Héraðsfundur Ísafjarðar-prófastdæmis

Héraðsfundur Ísafjarðarprófastdæmis verður haldinn í Friðarsetrinu Holti laugardaginn 24. apríl og hefst kl. 10:00 og lýkur með messu í Flateyrarkirkju sem hefst kl. 15:30.

Í messuna eru allir velkomnir en kosnir fulltrúar sóknanna sitja héraðsfundinn.

Prófastur Ísafjarðarprófastdæmis.

Helgarveðrið

Horfur á fimmtudag:

Norðaustan 5-13 m/s. Súld eða rigning austantil á landinu og við norðurströndina, en bjart suðvestan og vestanlands. Hiti 5- 12 stig.

Horfur á föstudag:

Austanátt, 10-15 m/s við suðvesturströndina en hægari annars staðar. Léttskýjað á Norðurlandi og Vestfjörðum.

Horfur á laugardag, sunnudag og mánudag:

Suðaustanátt og hlýtt í veðri og skýjað með köflum

Kirkjustarf

Ísafjarðarkirkja:

Skátamessa á sumardaginn fyrsta, 22. apríl kl. 10:00. Fermingarmessa laugardaginn 24. apríl kl. 14:00.

Hnífsdalskapella:

Kvöldmessa sunnudaginn 25. apríl kl. 20:30. Gospelkórinn syngur.

Flateyrarkirkja:

Guðspjónusta við lok héraðsfundar kl. 15:30 á laugardag

Spurningin

Varstu ánægð(ur) með Rokkhátíð alþýðunnar sem haldin var á Ísafirði um páskana?

Alls svöruðu 420. Já sögðu 361 eða 86% Nei sögðu 59 eða 14%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Íslistaverk við innganginn að fegurðarsamkeppninni

Pegar vanda skal til veislu eru skreytingar í hávegum hafðar og hefur það færst í vöxt að veisluborð séu skreytt með listaverkum úr ís. Þegar Fegurðarsamkeppni Vestfjarða var í undirbúningi kviknaði sú hugmynd hjá Sigþóri Sigurðssyni, matreiðslumeistara keppninnar, að búa til listaverk úr ís sem yrðu gestum til augnayndis. Á meðfylgjandi mynd má sjá Sigþór í óða önn að móta íslistaverkið í þrjátíu stiga frosti. Listasmiðin gekk vel og var gerður góður rómur að verkinu.

Segja má að það sé þversögn útaf fyrir sig að á skemmtun sem haldin er í bæjarfélagi sem kennt er við ís þurfi að vera listaverk gert af mannanna höndum úr þessu efni. Í venjulegu árferði sér náttúran sjálf um að töfra fram íslista-verkin en svo er komið eftir snjólétta vetur undanfarinna ára að halda þarf í frystiklefa bæjarins til þess að finna ís og kulda. – hj@bb.is



Það er ekki algengt að sjá matreiðslumeistara vinna störf sín í 30 stiga frosti. Það gerði Sigþór Sigurðsson hinsvegar þegar hann útbjó listaverk úr ís sem fegurðardísir bræddu síðan með útgeislun sinni.

> RÚV: 25. apríl kl. 22:20

Mjólkurverðið

Í kvöld sýnir Sjónvarpið nýsjálensku myndina Mjólkurverðið sem segir frá ungu pari sem stundar kúabúskap og una sæl við sitt með sínum 117 kúm. Rob mjólkur kýrnar og Lucinda kryddar tilveruna en hún óttast að slík hamingja geti ekki enst. Þegar búateppi hennar hverfur á dularfullan hátt setur hún bústofninn í pant og upp úr því gerast undarlegir atburðir.



> Stöð 2: 24. apríl kl. 21:55

Hörkutólið Jennifer Lopez

Nóg er komið, eða Enough, er hörkutryllir um kúgaða eiginkonu sem hefur fengið nóg. Slim Hiller hélt alltaf að Mitch væri hinn rétti. Þau gengu í hjónaband en hamingjan var skammvinn. Þau skorti ekkert en eiginmaðurinn gat ekki hamið skap sitt. Svo fór að Slim flýði frá Mitch og tók dótturina með sér. Hún ætlar samt ekki að vera alltaf á flótta.



> Sýn: 25. apríl kl. 12:45

Risaleikir í evrópska boltanum

Það verður fjör á fótboltavöllum víðs vegar um Evrópu í dag. Þrír risaleikir eru sýndir beint á Sýn en í þeim fyrsta mætast Newcastle og Chelsea. Alan Shearer og félagar ætla sér sæti í Meistaradeildinni og mega ekki miðstíga sig. Sama gildir auðvitað um Chelsea. Einnig mætast í dag Arsenal og Tottenham og Real Madrid og Barcelona á Spáni.



Vefverslun með MP3 spilara

Einkahlutafélagið Dót og tæki á Ísafirði hefur fengið umboð fyrir MP3 spilara af gerðinni Rio. Eigendur fyrirtækisins eru Skarphéðinn Ölver Sigurðsson og Hörður Sævar Harðarson. Skarphéðinn segir fyrstu sendinguna komna í hús og hefjist sala spilaranna í dag, miðvikudag. Hann segir erfitt að spá fyrir um viðtökurnar en markaðurinn sé vissulega fyrir hendi og innleiðing MP3 spilara á Íslandi sé rétt að hefjast.

Dót og tæki verða með fjórar gerðir af spilurum

sem kosta frá 21.000 krónum og upp í 55.000 krónur. Dýrasti spilarinn getur rúmað 20 gígabæt af tónlist sem ætti að jafngilda nokkur þúsund lögum. Skarphéðinn segir að rekstur fyrirtækisins verði aukageta hjá þeim Herði en stefnan verði e.t.v. sett á útvíkkun starfseminnar í framtíðinni.

Peir hafa verið í sambandi við framleiðandann í meira en hálft ár og fengu umboðið um leið og Rio spilararnir fóru á Evrópu-markað. Fyrirtækið sé

brautryðjandi á sinu sviði og eigi svo sannarlega heima á markaðinum.

Skarphéðinn er ekki ókunnur vefverslun en í fyrra flutti hann sólmyrkvagleraugu og seldi í tengslum við sólmyrkva síðasta sumar. „Það var nú bara flipp, þetta er mikið stærra dæmi“, sagði Skarphéðinn.

Vefverslunin opnar undir léninu www.riomp3.is og mun senda fritt hvert á land sem er.

– kristinn@bb.is

Mp3 spilari frá RIO.



Námskeið

Nú er síðasta námskeiðslotsa vetrarins að hefjast og mörg spennandi námskeið á döfinni. Námskeiðin eru öll haldin á Ísafirði nema annað sé tekið fram.

- Excel fyrir lengra komna – 24. apríl.
- Skrautskrift, námskeið í Vesturbyggð – 24. apríl og 8. maí
- Viðtalstækni, Meðferðarviðtalið – 28. apríl.
- Vélgæsla – 8. maí.
- GPS staðsetningartæki – 10. júní.
- 30 rúmlesta skipstjórnarnám.
- Að efla sjálfstraust og sjálfsöryggi, sjálfstyrkingarnámskeið.
- Erfiði viðskiptavinurinn, þjónustunámskeið.
- Gísla saga Súrssonar, leshringur á Bíldudal.
- Staðir og fólk.
- Svæða- og viðbragðsmeðferð, fjarnám næsta haust.

Allar nánari upplýsingar eru á heimasíðu Fræðslumiðstöðvarinnar www.frmst.is og í síma 456 5025.

bb.is

– vefur Vestfirðinga, nær og fjær

> Stöð 2: 25. apríl kl. 22:30

Sérsvait lögreglunnar

Morðeildin er breskur sakamálapáttur sem hefur vakið verðskuldaða athygli. Vivien Friend og Rocie McManus eru fremstar meðal jafningja í sérsvait lögreglunnar. Stöllurnar rannsaka morðmál í samvinnu við félagasína og láta ekki deigan síga. Þegar þessi harðsnúna sveit mætir á vettvang er ljóst að málin verða krufin til merkjar. Einskis er látið ófreistað.



SÆLKERI VIKUNNAR

ER KRISTINN HERMANSSON Á ÍSAFIRÐI

Tveir léttir réttir frá meginlandinu

Að þessu sinni verður boðið upp á tvo léttar rétti sem eiga það sameiginlegt að vera einfaldir og frekar fljótlegir en krefjast umhyggju og athygli ef útkoman á að verða góð. Aðstæður neytenda eru þannig að ef matargerðin á ekki að leggjast of þungt á budduna þarf að sneiða sem mest hjá landbúnaðarvörum, bæði kjöti og grænmeti. Báðir réttirnir fylgja þessari gullnu reglu námsmannamatargerðar og byggjast að mestu á innfluttum nýlenduvörum.

Annars vegar er um að ræða spaghetí með beikoni og tómötum og hins vegar böku með hvítkáli og beikoni svo það er tilvalið að kaupa einn vel útilátinn pakka af beikoni og nota í báða réttina sinn hvorn daginn. Um er ræða sigildan heimilismat frá Ítalíu og Frakklandi sem á vel við hvunn dags og ekki síður til að gera sér dagamun í góðum félagsskap – m.a.s. er hægt að láta svolítið sigldur og kalla réttina pagetti all'amatriciana og galette au chou.

Spaghetí með beikoni og tómötum
2 msk olía
u.þ.b. 100 g beikon
1 laukur – fínsaxaður
1 dl hvítvín
1 dós tómatar
timian
spaghetti
salt, pipar og sykur

Steikið beikon og lauk í olíunni á fullum hita og ekki láta sektarkenndina skammta olíuna því sósan verður að geta þakið spaghettið almennilega. Hellið víninu út á pönnuna og sjóðið niður. Bætið út á pönnuna timian, tómötum (ekki safanum), salti og pipar og sjóðið



undir loki við fremur lágan hita í 10-15 mínútur. Að lokum er lokið tekið af, tómatarirnir muldir með sleif, sósan söltuð eftir þörfum og látin sjóða niður þar til þykktin er hæfileg. Ekki vera hrædd við saltið því þrátt fyrir beikonið þurfa tómatarirnir sinn skammt.

Mér finnst oft gott að bragðbæta sósuna með 1-2 msk af sykri en það þarf ekki alltaf og veltur m.a. á tómötunum. Ítölsku kellingarnar myndu örugglega hoppa hæð sína ef þær fréttu af þessu íslenska svindli en það tekst bara ekki alltaf að fá sósuna sæta eftir „náttúrulegum leiðum“, a.m.k. ekki hér norður í höfum.

Víninu er oft sleppt, enda rán-dýrt og óaðgengilegt í innkaupum, þó það rýri að sjálfsögðu bragð matarins. Rauðvín má einnig nota í sósuna en bragðmikið hvítvín er best.

Að lokum er spaghetfinu, sem hefur verið soðið samviskusamlega samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda, blandað saman við sósuna á pönnunni og borið fram með brauði og helst rifnum parmesanosti ef innflutningskvótarnir eru ekki uppnir.

Til tilbreytingar má prufa mismunandi gerðir af lauk eða skipta timian út fyrir t.d. steinselju, rósmarín eða basilikum.

Baka með hvítkáli og beikoni
¼-½ hvítkálshaus – grófsaxaður
2 msk olía
u.þ.b. 200 g beikon
2 egg

3 shallotlaukar – fínsaxaðir
3 hvítlauksrif – fínsöxuð
steinselja – fínsöxuð
salt og pipar
200 g hveiti
2½ dl mjólk
Gufusjóðið kálið í 3 mínútur, smyrjið bókudisk olíu og hitið í ofni. Blandið saman beikoni, eggjum, lauk og kryddi í skál. Bætið hveiti og mjólk út í og hrærið.

Takið diskinn út úr ofninum, hellið helmingnum af deiginu yfir botninn, leggið hvítkálið þar ofan á og þrýstið ofan í botninn. Hellið afganginum af deiginu yfir og bakið í 35 mínútur við 180°C eða þar til bakan er orðin gullinbrún – ekki er verra að hafa bökuna heldur dekkri því hún helst mjúk að innan.

Gott er að láta bökuna standa aðeins áður en hún er borðuð en hún er best daginn eftir. Hana má ýmist borða kalda eða volga. Berið fram með kotasælu og salati ef það er við höndina.

Ég ætla að sæta færis og skora á brottflutta Ísfirðinginn Huldu Guðmundsdóttur þar sem hún er einmitt stödd í bænum þessa dagana. Hún gerir afskaplega góða indverska rétti sem sóma sér vel sem traustur heimilismatur og svo hafa ýmsir austurænir hlaðborðsréttir frá henni vakið eftirtekt og kæmu í góðar þarfir nú í stórveislutíðinni.

Sportið í beinni

Sýn:
Miðvikudagur 21. apríl:
Kl. 18:30 – Meistaradeildin: Porto – Deportivo

Laugardagur 24. apríl:
Kl. 10:30 – Meistaradeildin í handbolta: Fyrri leikur Celje Lasko og Flensburg.
Kl. 12:00 – Meistaradeildin í handbolta: Síðari leikur Flensburg og Celje Lasko.
Kl. 13:45 – Enski boltinn: Man. Utd. – Liverpool.
Kl. 00:30 – Hnefaleikar: Klitschko – Sanders.

Sunnudagur 25. apríl:
Kl. 10:20 – Enski boltinn: Leeds – Portsmouth
Kl. 12:45 – Enski boltinn: Newcastle – Chelsea
Kl. 14:50 – Enski boltinn: Tottenham – Arsenal.
Kl. 17:20 – Spænski boltinn: Real Madrid – Barcelona.
Kl. 19:30 – NBA boltinn: Houston – L.A. Lakers

Stöð 2:
Laugardagur 24. apríl:
Kl. 13:45 – Enski boltinn: Man. Utd. – Liverpool.

Canal+ Film2:
Miðvikudagur 21. apríl:
Kl. 14:00 – Ítalski boltinn: Lazio – Roma.

Canal+ Sweden:
Laugardagur 24. apríl:
Kl. 12:00 – Sænski boltinn: Malmö – IFK Gautaborg
Sunnudagur 25. apríl:
Kl. 13:00 – Ítalski boltinn: Inter Milan – Lazio.

Kanal 5:
Laugardagur 24. apríl:
Kl. 13:30 – Þýski boltinn: B. Leverkusen – Dortmund
Kl. 20:00 – Spænski boltinn: Malaga – Deportivo
Sunnudagur 25. apríl:
Kl. 19:30 – Spænski boltinn: A. Bilbao – Valencia

Canal+ Norge:
Laugardagur 24. apríl:
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Man. Utd. – Liverpool.

Sunnudagur 25. apríl:
Kl. 13:00 – Enski boltinn: Newcastle – Chelsea
Kl. 15:00 – Enski boltinn: Tottenham – Arsenal

Canal+ Sport:
Laugardagur 24. apríl:
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Leicester – Man. City


Sunnudagur 25. apríl:
Kl. 10:30 – Enski boltinn: Leeds – Portsmouth

skrifa.com

Upplýsingavefur gervihnattafólksins

Afruglarar · kort · brennarar og allt annað til að fullnýta búnaðinn.

Símar 893 5804 og 482 3929 alla virka daga frá kl. 13-23



Margrét Magnúsdóttir, tvítugur Önfirðingur var kjörin Fegurðardrottning Vestfjarða á úrslitakvöldi í Krúsinni á Ísafirði á laugardagskvöld. Vegna góðrar frammi-stöðu stúlkanna í keppninni var ákveðið að þrjár efstu færu allar til keppni um titilinn Fegurðardrottning Íslands í maí. Á blaðsíðu 13 má lesa frekar um keppnina og þar eru einnig fleiri myndir sem teknar voru á úrslitakvöldinu.

Grunnskólinn á Ísafirði

Lús finnst meðal yngstu nemenda

Örfá tilviku um lús hafa fundist í yngstu bekkjum Grunnskólans á Ísafirði nú eftir páskafríð. Skarphéðinn Jónsson, skólastjóri GÍ á heimasíðu skólans, að sent hafi verið dreifibréf til foreldra barna í þeim árgöngum þar sem lúsartilvikin hafa komið upp. Hann biður foreldra að bregðast við í samræmi við leiðbeiningar skólahjúkrunarfræðings og segir sjálfsagt fyrir alla að vera á varðbergi.

Lúsín lifir ennþá góðu lífi

meðal manna og skiptirekki máli hversu siðmenntaðar eða þrífnaðar þjóðirnar eru, eins og pistlahöfundur heimasíðunnar doktor.is kemst að orði. Þar segir að reglulega komi upp faraldrar, einkum þar sem börn eru saman, s.s. í leik- og grunnskólum. Nánari upplýsingar um viðbrögð við lúsinni er að finna á heimasíðunni doktor.is og á heimasíðu Grunnskólans á Ísafirði.

– kristinn@bb.is

Bráðabirgðatölur Hagstofu Íslands fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins

Íbúum Vestfjarða fækkaði um 35 fyrstu þrjá mánuði ársins

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins hefur Vestfirðingum fækkað um 35. Aðeins í einum landshluta hefur fækkað meira á þessum tíma eða á Norðurlandi vestra. Íbú-

um þar fækkaði um 41. Á fyrstu þremur mánuðum ársins fjölgaði íbúum í þremur byggðakjörnum á Vestfjörðum. Á Þingeyri fjölgaði íbúum um 11 manns, á Tálknafirði fjölgaði um 6 og á Drangsnesi

fjölgaði íbúum um tvo.

Mest var fækkunin á Ísafirði eða um 13. Í strjálbýli fækkaði um 9 íbúa, í Bolungarvík fækkaði íbúum um 8, á Bíldudal fækkaði um 7 íbúa, íbúum á Patreksfirði fækkaði um 5,

íbúum Súðavíkur fækkaði um 4, á Suðureyri fækkaði íbúum um 3, Hólmvíkingum fækkaði um 2 og á Reykhólum fækkaði íbúum um einn, samkvæmt skýrslu Hagstofunnar.

– hj@bb.is



Húsakynni Sindrabergs á Ísafirði.

Ísafjarðarbær eignast hlut í sushiverksmiðjunni Sindrabergi ehf.

Hlutféð lagt inn í nýstofnað Eignarhaldsfélag bæjarins

Ísafjarðarbær hefur eignast hlutféð að nafnvirði 9,3 milljónir króna í sushiverksmiðjunni Sindrabergi ehf. á Ísafirði vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækisins. Ísafjarðarbær tekur hlutinn upp í kröfu að andvirði 14 milljóna króna að meðtöldum vöxtum og áföllnum kostnaði,

að sögn Halldórs Halldórssonar bæjarstjóra. Ísafjarðarbær fær sveitarfélagið því hlutinn í Sindrabergi á genginu 1,5.

Að sögn Halldórs bauð félagið nýja hluti til sölu á pari en skuldbreytingu á genginu 1,5 og samþykktu allir kröfuhafa þau kjör. Á fundi bæjarstjórnar í síðustu viku var sam-

þykkt samhljóða að leggja hlutféð í Sindrabergi inn í nýstofnað Eignarhaldsfélag Ísafjarðarbæjar. Þá samþykkti bæjarstjórn að ábyrgjast mismuninn á nafnverði og söluverði til Eignarhaldsfélags Ísafjarðarbæjar í þrjú ár, í samræmi við tillögur löggilds endurskoðanda Ísafjarðarbæjar.

Halldór segir að stjórn Eignarhaldsfélagsins hafi ekki verið tilbúin til að taka við hlutfénu nema með áður greindum skilmálum. „Fari illa á næstu þremur árum þá tapar eignarhaldsfélagið ekki nema nafnverðinu. Mismuninn ábyrgist Ísafjarðarbær.“

– kristinn@bb.is

Version Ísafirði
456 4644

Timbursala Ísafirði
456 4655

Opnunartími:
Mán. - fös. 8-18
Lau. 10-13
Timbursala lokað
laugardaga



HÚSASMÍÐJAN

www.husa.is

NÝIR SÖLUADILAR PIRELLI Á VESTFJÖRÐUM



Útvegum varahluti í bíla o.fl.
Varahlutir í Honda GX smávélar.
Smávélapjónusta.
Þurrkublið.
Perur.
Þjónustuaðili vélar og þjónusta.
Álfelgur á góðu verði.

**HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI
ÍSAFJARÐAR
SINDRAGÖTU 14 ÍSAFIRÐI**

SÍMI 456-3501 GSM 894-9499

TRAUST OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

